

ADÓLF BRAGASON

Spilað á ýmsum uppákomum í Evrópu

ferðir bílar

allt í MIÐJU BLAÐSINS



MARKAÐURINN

Sparisjóðirnir eru kaupfélög nútímans

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



EGILL EINARSSON

Hestamenn þúðu á Mercedes Club

Haffi Haff féll ekki í kramið

FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. júlí 2008 – 192. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Afmæli að sumri

Porkell Sigurbjörnsson öfundaði alltaf vetrar-afmælisbörnin en hafði um leið gaman af því að óska þeim til hamingju.



TÍMAMÓT 18

Reynir Pétur á ferðalagi

Göngugarpurinn Reynir Pétur Ingvarsson endurnýjaði kynnin við landsmenn fyrir stuttu og kom heim með fulla vasa af seðlum.



TILVERA 12

Evrópuóvissa

„Eins og er tala ráðherrar og þingmenn stjórnarliðsins í allar áttir og allur almenningur er jafnær,“ skrifar Jón Kristjánsson.

UMRÆÐAN 17

Rúnar tók við HK

Rúnar Páll Sigmundsson var í gær ráðinn þjálfari HK í stað Gunnars Guðmundssonar.



ÍÞRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



BJARTVIÐRI Í dag verða norðan 5-13 m/s austast annars mun hægar. Léttskýjað sunnan til og vestan en skýjað norðaustan og austan til og úrkomulítið. Hiti 8-18 stig mildast til landsins sunnan til og vestan.

VEÐUR 4

Ágreiningur í stjórnkerfinu um mörg NATO-mannvirki

Atlantshafsbandalagið á alls engar eignir á Íslandi, að því er segir í nýlegri greinargerð Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar. Það rímar illa við auglýsingu utanríkisráðuneytisins á löngum eignalista NATO.

STJÓRNSÝSLA Utanríkisráðuneytið og Flugmálastjórnina á Keflavíkurflugvelli greinir á um það hver á mannvirki á gamla varnar-svæðinu og víðar, meðal annars aðalflugbrautir Keflavíkurflugvallar. Ráðuneytið segir Atlantshafsbandalagið (NATO) eigandann, en Flugmálastjórnin eignar þær íslenska ríkinu.

Utanríkisráðuneytið birti í júní auglýsingu með lista yfir mannvirki á eignalista NATO á Íslandi sem Varnarmálastofnun ber ábyrgð á. Á listanum eru tvær lengstu flugbrautir Kefla-

víkurflugvallar, slökkvistöð á vellinum og á annað hundrað annarra mannvirkja á landinu að auki.

Fréttablaðið hefur undir höndum greinargerð sem Friðþór Eydal, upplýsingafulltrúi Flugmálastjórnarinnar á Keflavíkurflugvelli, vann fyrir hönd flugvallarstjóra. Í henni segir að mannvirkin séu sannarlega öll eign íslenska ríkisins.

„Staðfest er af fulltrúa [mannvirkjasjóðs NATO] að bandalagið getur ekki sem slíkt átt nein óhreyfanleg mannvirki í ein-

stökum bandalagslöndum,“ segir í greinargerðinni.

Mannvirkin, sem utanríkisráðuneytið auglýsir sem eignir NATO, geti með öðrum orðum ekki verið eign NATO, heldur séu þau öll eign íslenska ríkisins. NATO geti hins vegar krafist þess að fá afnot af þeim þar eð mannvirkjasjóður bandalagsins greiddi fyrir þau eða endurbætur þeirra.

NATO hefur ekki óskað eftir afnotum af neinum mannvirkjana síðan öll slík afnot féllu úr gildi í tveimur áföngum árin 2003 og 2007, að því er segir í greinar-

gerðinni. Í skýrslu Flugmálastjórnarinnar segir að brýnt sé að fá úr því skorið hvort NATO hyggist gera slíkar kröfur til stjórnvalda um mannvirkin. „Fyrir verð[i] ekki hægt að tala um svokölluð NATO-mannvirki á flugvellinum.“

Í Fréttablaðinu í gær sagði frá svokölluðum NATO-ljósleiðurum sem einnig má finna á lista utanríkisráðuneytisins yfir mannvirki NATO, en eru sannarlega eign íslenska ríkisins samkvæmt samningum og gögnum sem blaðið hefur undir höndum.

- sh



BAÐMÁL Í BORGinni Veðrið lék við borgarbúa í gær svo margir lögðu leið sína á baðströndina í Nauthólsvík. Þeir sem yngri voru létu ekki undir höfuð leggjast að skella sér í svalan sjóinn en þeir eldri höfðu hægar um sig og ræddu þjóðmálin í heitu vatni að íslenskrí hefð.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUGUNN

Listi yfir ríkustu menn Íslands: Björgólfur Thor enn ríkastur

EFNAHAGSMÁL Björgólfur Thor Björgólfsson er ennþá ríkasti Íslendingurinn. Eignir hans eru metnar á 230 milljarða. Aðrir standa ekki eins vel að vígi. Sem dæmi voru eignir Ágústs og Lýðs Guðmundssonar metnar á 80 milljarða hvors um sig fyrir ári síðan. Nú eru eignir hvors þeirra metnar á 19 milljarða. Það er einungis fjórðungur af því sem þeir áttu þegar úrvalsvísitalan stóð sem hæst.

Markaðurinn, viðskiptablað Fréttablaðsins, birtir í dag lista yfir fimmtán ríkustu Íslendingana. Miklar breytingar hafa orðið í hópi þeirra sem komast á listann. Menn eins og Hannes Smárason, sem átti eignir upp á 42,5 milljarða króna fyrir ári, komast ekki á lista. Hið sama á við um Magnús Kristinsson. Hans eignir voru metnar á um 40 milljarða króna.

- as / sjá Markaðinn

Dælustöð sem skemmdist í jarðskjálftanum árið 2000 fæst loks bætt að fullu:

Vextir nema sextíu milljónum

HAMFARIR Orkuveita Reykjavíkur á að fá tæpar sextíu milljónir króna í dráttarvexti eftir úrskurð um að Viðlagatryggingu Íslands beri að greiða fyrirtækinu bætur vegna skemmda á dælustöð í Kaldárholti sem urðu í jarðskjálftanum 17. júní árið 2000.

Stöðvarhúsið var reist á austurbökkum Þjórsár af Hitaveitu Rangæinga árið 1999 en komst í eigu Orkuveitunnar árið 2005 eftir að hún festi kaup á hitaveitunni.

Deilt var um hvort skemmdir vegna sigs hússins mætti rekja til jarðskjálftans. Matsmenn Viðlagatryggingar töldu að grundun hússins hefði ekki verið nógu góð og húsið hefði sigið við byggingu áður en það var tekið í notkun.

Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarð-

skjálftafræði taldi aftur á móti öll rök hniga að því að skemmdir á burðarvirkjum og jarðvegsundirstöðu dælustöðvarinnar hefðu stafað af mikilli áraun í jarðskjálftanum árið 2000.

Nefnd vegna laga um Viðlagatryggingu Íslands felldi nýlega úrskurð um að borga skuli Orkuveitunni rúmar þrjátíu milljónir í bætur vegna dælustöðvarinnar ásamt vöxtum sem nema nærri sextíu milljónum. Þar að auki vilja þeir fá kostnað fyrirtækisins vegna málsins bættan en hann nemur á þriðja tug milljóna króna.

Samtals gerir Orkuveitan því kröfu um að fá greiddar 115 milljónir vegna dælustöðvarinnar sem váttryggt var fyrir rúmar 35 milljónir fyrir átta árum.

- ht / sjá síðu 6

SHIMANO
hjól
EXAGE



Þú færð Shimano í næstu sportvöruverslun

2879 / 16.03



MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI



Skemmtilegur ferðafélagi

ISUZU D-MAX

ISUZU

3.990.000
MEÐ 35" BREYTINGU



SJÁLFSKIPTUR ISUZU D-MAX* - 35" BREYTTUR

„ER HÆGT AÐ GERA BETRI KAUP Á PALLBÍL?“

3,0 l dísilvél, 163 hestöfl, **3ja tonna dráttargeta**, aksturstölva, loftkæling, skriðstillir, rafmagn í speglum, ljóskastarar í framstuðara, hljómflutningstæki og **35" breyting innifalin. Takmarkaður fjöldi bíla.**

*Bill á mynd er með pallhúsi sem er ekki innifalið í verðinu. Pallhúsið er hins vegar á 200.000 kr. tilboði, málað í lit og komið á bilinn.



Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförunum árum unnið stóðugt að því að bæta þjónustu við viðskiptavinum sínum. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkornasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.



INGVAR HELGASON

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	77,59 77,97
Sterlingspund	156,02 156,78
Evra	124,08 124,78
Dönsk króna	16,629 16,727
Norsk króna	15,425 15,515
Sænsk króna	13,071 13,147
Japanskt jen	0,7401 0,7445
<hr/>	
SDR	127,58 128,34
<hr/>	
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR	
	158,6655
HEIMILD: Seðlabanki Íslands	

Íbúar fengu skamman tíma til að kynna sér skipulagstillögur á Kársnesi áður en þær voru settar í auglýsingu: Fengu viku til að kynna sér breytingar

SKIPULAGSMÁL „Ég held að menn hafi verið að glata þarna gullnu tækifæri til að vinna að veigamiklum skipulagsbreytingum í samráði og sátt við íbúa,“ segir Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi.

Meirihluti bæjarstjórnar Kópavogsbæjar samþykkti í gær að setja í auglýsingu tillögu til skipulagsbreytinga á Kársnesi.

Tillagan gerir meðal annars ráð fyrir að ráðist verði í landfyllingar við vesturhluta Kársnessins, íbúðabyggð verði aukin og reist verði göngubrú yfir Skerjafjörðinn til Reykjavíkur.

Fulltrúar minnihluta Samfylkingar og Vinstri grænna og íbúasamtaka gagnrýndu að íbúum væri ekki gefinn meiri tími til athugasemda við tillöguna áður en hún væri



KÁRSNES Meirihlutinn í bæjarstjórn Kópavogsbæjar hyggst ráðast í umfangsmiklar framkvæmdir á Kársnesinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

setta í auglýsingu, en tillagan var kynnt fyrir íbúum 8. júlí síðastliðinn. „Þetta er mjög alvarlegt brot á sjálfsögðum rétti íbúa til að kynna sér svona mál,“ segir Arna Harðardóttir, formaður íbúasamtakanna Betri byggðar á Kársnesi.

Fulltrúar meirihlutans lögðu á það áherslu að ekki væri um endanlega samþykkt á skipulagstillögunni að ræða og íbúar hefðu áfram færi á að koma á framfæri athugasemdum við hana.

Skipulagstillagan fer nú til umfjöllunar hjá Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins þar sem nágrannasveitarfélögum gefst kostur á að gera athugasemdir við hana. Að því loknu munu íbúar geta komið athugasemdum á framfæri.

Útboð á háhraðatengingum: Tafir á háhraða í dreifbýlinu

FJARSKIPTI Frestur til að skila inn tilboðum í útboði á háhraðatengingum fyrir Fjarskiptasjóð hefur verið framlengdur frá því að vera í lok júlí til 4. september.

„Mikillar óþolinmæði gætit víða vegna þess hve það hefur dregist að uppfylla væntingar fólks í dreifbýli um betri nettengingar,“ segir um málið á vef Dalvíkurbyggðar.

Eitt hlutverka Fjarskiptasjóðs er að styðja við uppbyggingu á fjarskiptakerfum á stöðum þar sem símafyrirtækin hafa ekki treyst sér í uppbyggingu á markaðslegum forsendum. Í sjóðinn fóru 2,5 milljarðar króna vegna sölu Landsíma Íslands. - gar

Danski teiknarinn fagnar:

Tveir Túnisar áfram í haldi

DANMÖRK Danski teiknarinn Kurt Westergaard fagnar því að tveir af þremur mönnum, sem handteknir voru fyrir að hafa í hyggju að myrða hann, verði áfram í gæsluvarðhaldi.

Einn mananna þriggja, sem er danskur ríkisborgari, var þó látinn laus úr haldi fyrir í vikunni. Danska leyniþjónustan hefur ekki viljað færa manninn fram fyrir dómara af ótta við að koma upp um heimildarmenn sína og vinnuáðferðir. Af þessum sökum treystir saksóknari sér ekki til að byggja upp mál gegn honum.

Hinir mennirnir tveir eru báðir Túnisar. - ges/gh

LEIÐRÉTTING

Vegna fréttar af opnun listasýningar Högna K. Þorkelssonar, sölufulltrúa fasteigna, vill Félag fasteignasala benda á að hann hefur ekki hið lögbundna starfsheiti fasteignasali sem hann hlaut í fyrrisögn blaðsins.

Segja menntun og réttindi ekki metin

Alengt er að erlendir heilbrigðisstarfsmenn fái ekki vinnu við hæfi segir ráðgjafi hjá Alþjóðahúsi. Lögfræðinemi var ráðinn fram yfir lögfræðing frá Spáni, sem talar íslensku. Framkvæmdastjóri BHM segir málið þarfnast skoðunar.

INNFLYTIJENDUR „Það er nokkuð alengt að erlent fólk komi til okkar með vandamál af svipuðu tagi,“ segir Barbara Jean Kristvínsson, ráðgjafi hjá Alþjóðahúsi, um mál Xaviers Rodríguez.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær er Xavier Rodríguez lögfræðingur frá Spáni. Hann er með embættispróf í lögfræði frá háskóla í Barcelona auk þess að vera með meistaraþráðu í alþjóða- og umhverfisrétti frá Háskóla Íslands.

Hann hefur búið hér í þrjú ár og talar mjög góða íslensku. Hann hefur oft sótt um störf hjá hinu opinbera en aldrei fengið. Umhverfisstofnun auglýsti eftir lögfræðingi og hann sótti um starfið en var ekki boðaður í viðtal. Laganemi var ráðinn í starfið.

Barbara segir Alþjóðahús ráðleggja fólki eins og Xavier að fá nám sitt að utan metið hér á landi. Útlendingar hafi lent í því að menntun þeirra sé ekki metin sem skyldi og því sé erfitt fyrir þá að fá vinnu við hæfi.

„Læknir frá Austur-Evrópu fékk námið sitt og réttindi ekki metin hér á Íslandi og hefði þurft að byrja upp á nýtt á læknánáminu. Læknirinn var ekki nógu góður í íslensku til að fara í læknánám og fór þess vegna í sjúkraliðanám,“ segir Barbara.

Erlendir tannlæknar, tannsmiðir og tannréttingalæknar sem og aðrir heilbrigðismenntaðir fá sjaldan vinnu við sitt hæfi hér á landi að sögn Barböru og oft er nám þeirra ekki metið. Endastöð heilbrigðis- menntaðs fólks hér á landi sé því oftast í umönnunar- störfum.

Stefán Aðalsteinsson framkvæmdastjóri Bandalags Háskólanna, BHM, segir málið þarfnast skoðunar. „Eðlilegi farvegurinn er í gegnum stéttarfélagið og við munum líklega skoða þetta. Ég get samt ekki felld dóm um þetta mál hér og nú.“

Hæstaréttarlögmaðurinn Ragnar Aðalsteinsson segir sjálfur að hann mundi ráða sem flesta erlenda í starf hjá sér ef hann væri yfirmaður stofnunar á vegum ríkisins. „Það er sniðugt að ráða fólk frá öðrum löndum sem talar tungumálið og getur sinnt starfi sínu vel, því það eykur traust almennings á starfsaðferðir stjórnvalda.“

vidirp@frettabladid.is



ALPJÓÐAHÚS Þau fá nokkuð oft erlent fólk til sín sem hefur ekki fengið vinnu í samræmi við menntun sína. FRÉTTABLAÐIÐ/REYNIR



XAVIER RODRÍGUEZ Hann var ekki boðaður í viðtal vegna lögfræðistarfs hjá Umhverfisstofnun þrátt fyrir að vera með meistaraþráðu í alþjóða- og umhverfisrétti og tala góða íslensku.

TIL UPPRIFJUNAR

- Xavier Rodríguez lögfræðingur sótti um starf hjá Umhverfisstofnun þar sem auglýst var eftir lögfræðingi. Hann var ekki boðaður í viðtal en er með meistaraþráðu í alþjóða- og umhverfisrétti.
- Laganemi er ráðinn í hans stað. Xavier biður um rökstuðning hjá Umhverfisstofnun fyrir ráðningunni.
- Starfsmannastjóri Umhverfisstofnunar segir uppruna Xaviers ekki hafa ráðið neinu og segir Umhverfisstofnun hafa rökstutt af hverju laganeminn var hæfastur.
- BHM segir málið verðugt þess að vera skoðað betur.



HÁLSLÓN Hefur ásamt Þórisvatni mest áhrif á vatnsbúskap Landsvirkjunar.

Miðlunarlón Landsvirkjunar: Fyllast líklega með haustinu

VIKJANIR Miðlunarlón Landsvirkjunar stefna í að fyllast með haustinu eins og í fyrra að sögn Þorsteins Hilmarssonar, upplýsingafulltrúa Landsvirkjunar.

„Vatnsbúskapurinn hjá okkur hefur verið góður undanfarin ár,“ segir Þorsteinn en árin á undan fylltust lónin strax snemma sem er óvenjulegt. Það kom til vegna mildra vetrar og vorflóða.

Þorsteinn segir hlýtt veðurfar hluta ársins lítil áhrif hafa á stöðu miðlunarlóna. „Til þess þarf langtímaáhrif í veðurfari yfir nokkur ár.“ - ht

Palestínskur embættismaður: Obama heim-sækir Palestínu

PALESTÍNA, AP Barack Obama, forsetaframbjóðandi Demókrataflokksins, heimsækir Vesturbakkann í Palestínu í ferð sinni um Mið-Austurlönd í næstu viku, að sögn Saeb Erekat, palestínsks embættismanns.

Erekat segir að Obama hitti Mahmoud Abbas, forseta palestínsku heimastjórnarinnar. Palestínumenn bjóði Obama velkominn og vænti þess að hann muni miðla málum milli Ísraels og Palestínanna verði hann kjörinn forseti Bandaríkjanna.

John McCain, frambjóðandi Repúblikanaflokksins, heimsótti Ísrael í mars en ekki Palestínu. - gh

Markaðurinn í lok dags

Fylgstu með Markaðinum í lok dags kl. 16:45 á visir.is og á Stöð 2 kl. 12.12 og 18.18.

visir.is
...ég sá það á visir.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

BJART SUNNAN OG VESTAN TIL
Ágætis veðurhorfur eru fyrir sunnan- og vestanvert landið í dag og næstu daga. Bendir allt til þess að þar verði ýmist hálf- eða léttskýjað, hægur vindur og hiti á bilinu 10-18 stig, hlýjast til landsins. Hins vegar er að sjá nokkuð ákveðinn vindstreng við austurströndina en þar og norðan til verður fremur skýjað.

Á MORGUN 5-10 m/s allra austast annars 3-8 m/s

FÖSTUDAGUR Norðvestan 5-10 austast annars hægari.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	19°
Billund	18°
Ósló	19°
Stokkhólmur	22°
Gautaborg	19°
Helsinki	19°
Eindhoven	21°
Amsterdam	20°
London	22°
Berlín	23°
Frankfurt	24°
Friedrichshafen	28°
París	26°
Basel	27°
Barcelona	27°
Alicante	26°
Algarve	28°
Tenerife	25°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Hágæða eldhústæki

- fyrir nútíma heimili



KitchenAid
FOR THE WAY IT'S MADE.

Mest selda heimilisvél
veraldar í 65 ár!



KitchenAid blandarinn
- ímynd hins besta!



Drottning brauðristanna!



*Sérstök
brúðkaupsgjöf*

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með
Ísámuðum nöfnum sínum og brúðkaupsdegi



Íslensk matreiðslu- kennslubók í lit ásamt
alþjóðlegum uppskriftum fylgir.
Gildir um KitchenAid hræivélar.

KJÖLFESTA Á HEIMILUM



ÍSLENDINGA Í ÁRATUGI



Saeco Odeio Giro

Eigið kaffihús heima!

Lagið alla uppáhalds kaffidrykkina á heimilinu!

Espresso, café latte og cappuccino nákvæmlega eftir eigin smekk.



Saeco

PRIMEA cappuccino • Fjölbreytt úrval fylgihluta og bolla • Ítalskt gæðakaffi frá Kimbo og Danesi • Bragðefni frá Fabbri



GAGGIA

Landsins mesta úrval af sjálfvirkum
espresso og cappuccino kaffivélum.



Einar Farestveit & Co.hf.


Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

OFNAR • ELDAVÉLAR • HELLUBORÐ • HÁFAR • KAFFIVÉLAR • KÆLISKÁPAR • UPPÞVOTTAVÉLAR



GRILLBRAGÐ

- helgarinnar



„Ég vil hafa það hollt og gott
og auðvelt að elda.
Að narta í ljúffengan bita af grillinu
- þannig eru náttúrulega bestu helgarnar.“

Grillað lambalæri með jógúrtkryddlegi

Lambalæri, án lykilbeins og sagað eftir endilöngu (langsagað).

Veltið lambinu upp úr kryddleginum og geymið í kæli í 2 - 12 klst. Strjúkið megnið af kryddleginum af kjötinu og grillið á meðalheitu grilli í 25 - 30 mín. Snúið kjötinu reglulega.

Jógúrtkryddlögur:

2 dl jógúrt, hreint • 2 hvítlauksgeirar, pressaðir • 2 msk engiferrót, smátt söxuð • 3 msk sítrónusafi
1 tsk kummin • 1 tsk kóríanderfræ, steytt • 1/2 tsk kardimommur, steyttar • 1/2 tsk salt
3 msk mynta, smátt söxuð. Setjið allt í skál og blandið vel saman.

Berið lambalærið fram með grilluðu grænmeti og bökuðum kartöflum.



25 - 30 mínútur

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemningu sem þú vilt.



1. Hvaða félagslið er á toppi Landsbankadeildarinnar?
2. Forseti hvaða ríkis var í fyrradag ákærður af Stríðs-glæpadómstólum í Haag?
3. Meðlimir hvaða félags innan Bandalags háskólanna höfnuðu nýlega kjarasamningi í atkvæðagreiðslu?

SVÖRIN ERU Á Síðu 30

Íbúar Seltjarnarnesbæjar almennt ánægðir með hverfagæsluna í bænum:

Ekki innbrot í eitt og hálf ár

SELTJARNARNES Mikil ánægja er með hverfagæslu Seltjarnarnesbæjar samkvæmt nýlegri þjónustukönnun sem Capacent gerði fyrir Seltjarnarnesbæ. Þar kemur fram að um 97 prósent íbúa segja sig örugga gagnvart glæpum í hverfinu sínu.

„Hverfagæslan var sett á laggrinnar vegna innbrotahrinu sem var fyrir nokkrum árum. Eftir að hverfagæslan kom var ekkert innbrot í eitt og hálf ár,“ segir Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar en tekur fram að nokkur innbrot hafi verið framin síðan þá.

Seltjarnarnes gerði þjónustusamning við Securitas um hverfa-



JÓNMUNDUR GUÐMARSSON Hann er ánægður með hverfagæsluna og segir hana gera Seltjarnarnes að ókræsilegri stað fyrir innbrotspjófa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

gæslu árið 2005. Hverfagæslumennirnir keyra um bæinn nokkrum sinnum á sólarhring og eru á varð-

bergi gagnvart innbrotum, skemmdarverkum og öðru slíku. „Þeir sinna einnig ýmsu tilfallandi eins og þegar fólk fer í sumarþustað og gleymir að loka bílskúrshurðinni. Þeir láta þá vita ef þeir verða varir við það,“ segir Jónmundur.

Hverfagæslan hefur stutt við almennar aðgerðir lögreglu og hefur með aðgerðum sínum gert Seltjarnarnes að ókræsilegri stað fyrir innbrotspjófa að sögn Jónmundar en innbrotstíðni í Seltjarnarnesbæ er með því lægsta á höfuðborgarsvæðinu. „Við lítum á þetta sem viðbótarþjónustu við bæjarbúa til viðbótar við almenna löggæslu.“ - vsp

Mamúd Amadínjad:

Íran ræði við Bandaríkin

ÍRAN, AP Mamúd Amadínjad Íransforseti sagðist í gær reiðubúinn til viðræðna við Bandaríkjastjórn færur þær fram á jafnréttisgrundvelli.

Samskipti Írans og Bandaríkjanna hafa verið stírt frá íslömsku byltingunni í Íran 1979 þegar vígamenn réðust inn í sendiráð Bandaríkjanna og birtu viðkvæmar upplýsingar sem þar var að finna.

Ríkisstjórn George W. Bush Bandaríkjaforseta tilkynnti í síðasta mánuði að hún íhugaði að koma á fót nánari diplómáttis- um tengslum við Íran. - gh



GADDAVÍR Maðurinn hafði borðað gaddavír sem var vafinn um magan hans.

Járnæta hætt komin í Perú:

Gaddavír og skráfur í maga

PERÚ Innyflum í manni frá Perú var bjargað á dögnum þegar 17 járnhlutir voru fjarlægðir úr honum. Meðal annars var um að ræða hníf, nagla og skráfur.

Perúmaðurinn, Luis Zarate var fluttur á spítala í síðustu viku eftir að hafa kvartað yfir magaverkjum. Læknar sögðu að röntgenmyndir hefðu sýnt að líkama hans var fullur af gaddavír, pennum og öðrum járnhlutum.

Sálfræðingar höfðu áður greint manninn með ýmsar geðraskanir en ekki er vitað af hverju hann át járnhluti. - vsp

Málaferli Helgu í Byrginu: Kröfu um frávisun hafnað

DÓMSMÁL Frávísunarkröfu vegna meiðyrðamáls sem Helga Haraldsdóttir, eiginkona Guðmundar Jónssonar í Byrginu, hefur höfðaði hefur verið vísað frá Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Rétttað verður því í málinu.

Þeir sem Helga segir hafa farið með meiðyrði eru Erla Hlynsdóttir, blaðamaður á DV, og viðmælendur hennar sem í viðtali greindu frá því að Helga hefði verið þátttakandi í kynlífsathöfnunum sem Guðmundur stundaði með skjólstaðingum sínum.

Dómur hefur fallið yfir Guðmundi Jónssyni vegna kynferðisbrota hans. - kdk

AFRÍKA

Kína fær að kaupa filabein

Nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna hefur gefið Kínverjum leyfi til að flytja frá Afríku filabein í stórum stíl, þrátt fyrir harða andstöðu umhverfisverndarsamtaka. Verslun með filabein var bönnuð árið 1989, en áður var gefin undanþága á sölu til Japans.

UMHVERFISMÁL

Rafmagnað ruslafélag

Félagið RR-SKIL hefur verið stofnað. Markmið félagsins er að bæta meðhöndlun rafendatekjaúrgangs.



FRÁ SUNDAHÖFN Samkvæmt Hagstofu Íslands nam útflutningur til EES landanna tæpum 83 prósentum af heildarviðskiptum Íslands við erlend ríki á fyrstu fimm mánuðum þessa árs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stöðug króna einnig akkur fyrir ESB

Lagaprófessor hvetur til samninga við Evrópusambandið um aukaaðild Íslands að evrópska myntkerfinu. Evrópska seðlabankanum verði falið að halda krónunni stöðugri. Slíkt sé einnig akkur fyrir evru-ríkin vegna viðskipta þeirra við

EFNAHAGSMÁL „Við slógum upptöku evru út af borðinu vegna þess að við teljum þá leið ekki færa,“ segir Stefán Már Stefánsson lagaprófessor. Stefán og Guðmundur K. Magnússon, fyrrverandi hagfræðiprófessor, rituðu greinar í tímaritið Vísbendingu og Morgunblaðið þar sem þeir leggja til að gengið verði til samninga við Evrópusambandið um aukaaðild Íslands að evrópska myntkerfinu, EMR II.

„Auðvitað er Evrópusambandið sjálft best til þess fallið að segja til um til hvers það hefur heimild,“ segir Stefán. Hann og Guðmundur telji hins vegar upptöku evru erfiða vegna Rómarsáttmálans sem segi að bara Evrópusambandsþjóðir geti gengið inn í evrópska myntkerfið.

„Til hliðar við myntkerfið er hins vegar annað kerfi sem Danir eru tengdir og við teljum að það sé



STEFÁN MÁR STEFÁNSSON

heimild fyrir Evrópusambandið að ganga til slíkra samninga við Íslendinga.“

Stefán segir helsta kostinn við tengingu krónunnar við evru vera að Evrópski seðlabankinn stæði þá að baki íslensku krónunni og héldi henni stöðugri. Fyrir Evrópuríkin sé hins vegar stöðugleiki íslensku krónunnar einnig kostur vegna viðskipta þeirra við Ísland. „Til þess að EES-samningurinn, sem byggir á fjórfrelsi, geti virkað mega ekki vera hindranir í vegi eins og sveiflur á gjaldmiðli. Það er ástæðan fyrir því að Evrópusambandið sjálft tók um myntkerfið,“ segir Stefán sem telur EES-samninginn ekki virka

sem skyldi á meðan krónan er jafn óstöðug og raun ber vitni.

Að mati Stefáns á fyrst að reyna samninga í samvinnu við Norðmenn, þótt þeir séu ekki að glíma við sömu vandamál og Íslendingar með sína krónu.

„Svo sér maður ekki hvaða kröfur Evrópusambandið myndi setja á íslenska efnahagsstjórn í staðinn.“ Til þess að aukaaðild sé möguleg þurfi íslenskt efnahagslíf í grundvallaratriðum að fullnægja Maastricht-tilskipunum sem settar eru fyrir þau ríki sem halda að Evrópusambandið myndi gera þær kröfur á okkur. En af því að við erum í lausari tengslum, erum ekki í Evrópusambandinu, eru allir möguleikar opnir.“

„En svo veit ég ekkert hvort að Evrópusambandið ljær máls á þessu, það verður að koma í ljós.“ olav@frettabladid.is

Umhverfisvottaðar vörur
- fyrir sumarþustaðinn, veiðihúsið og ...

ECOLAB Satiné Clean, gólfþápa
Brial Clean, alhliða hreinsiefni
Kristalín Clean, baðherbergishreinsir
Into WC Clean

Lotus eldhúsrúllur
Lotus Marabon Plus
Lotus T-Þurrkur
Lotus V-Þurrkur

Lotus WC pappír
Lotus WC Júmbó

Servíettur NexxStyle 39x39cm 80stk, ýmsir litir

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhalsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Nánari upplýsingar veita sölumenn og ráðgjafar RV

Varaformaður Samfylkingarinnar fagnar frekari Evrópumræðu sjálfstæðismanna: Forleikur að dýpri umræðum



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

„Ég held að þetta útspil Björns Bjarnasonar sé forleikur Sjálfstæðisflokksins að dýpri Evrópumræðu innan flokksins og auðvitað fagna ég því,“ segir Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar og annar tveggja formanna Evrópunefndar ríkisstjórnarinnar. „Ég held hins vegar að þetta sé ekki mjög raunhæf leið, ef eitthvað er að marka það sem borist hefur frá Evrópusambandinu hingað til.“ Hann segir Evrópusambandið ekki vilja að þjóðir taki upp evruna tvíhliða eða einhliða bakdyramegin heldur fari frekar í aðildarviðræður með öllu því sem því fylgir. „En þetta verður af sjálfsgöðu rætt innan Evrópunefndarinnar því það er meðal annars

hlutverk hennar að athuga hvernig hagsmunum okkar er betur borgið í framtíðinni.“ Þá segir Ágúst Ólafur liggja í augum uppi að Evrópunefndin ræði þetta á fundi sem hún mun eiga með forsvarsmönnum Evrópusambandsins í Brussel í september. Evrópunefndin hefur hafið störf og segir Ágúst Ólafur vel koma til greina að nefndin gefi út eitthvert stöðumat í haust eða næsta vetur. „Við sjáum að Evrópumræðan er mikil í samfélaginu og auðvitað hlýtur það að veita þungt að bæði verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur hafa verið að kalla eftir aðild að Evrópusambandinu.“ - ovd

HEILIR STURTU KLEFAR


ÚR **HERTU** ÖRYGGISGLERI ALLAN HRINGINN

**EIN FLOTTASTA
OG VANDAÐASTA
VARAN Á
MARKAÐNUM!**



**HERT
ÖRYGGISGLER**

331-A Trapisulagaður
framopnun 90x90
8mm hert öryggisgler
allan hringinn



**HERT
ÖRYGGISGLER**

311-A Kantaður
heilopnun 80x80 og 90x90
8mm hert öryggisgler
allan hringinn



**HERT
ÖRYGGISGLER**

622-A Rúnaður
80x80 og 90x90
6mm hert öryggisgler
allan hringinn



**HERT
ÖRYGGISGLER**

611-A Kantaður
8 mm hert öryggisgler
allan hringinn

Innifalið í öllum:

Hitastýrð blöndunartæki
Handsturtuset
Ömmustöng m stórum haus

Stærðir:

331-A 90x90
311-A 80x80 og 90x90
622-A 80x80 og 90x90
611-A 80x80 og 90x90

kynntu þér úrvalið á

www.i-t.is



- fyrir þitt heimili



LÍKBRENNSLA UNDIRBÚIN
Íbúar á indónesísku eyjunni Balí reisa líkbrennsluturna, svonefnda „bade“. Brenna átti um 70 lík og búist var við þúsundum manna til að votta hinum látnu virðingu sína. NORDICPHOTOS/AFP

Tæplega fjögurra mánaða gömul ríkisstjórn Belgíu siglir í strand:

Kröfur um aðskilnað eflast

BELGÍA, AP Yves Leterme, forsætisráðherra Belgíu, lagði í gær fram afsagnarbeiðni sína til Alberts konungs, sem þó vildi ekki strax svara því hvort hann muni fallast á beiðnina heldur ætlar að ræða fyrst við formenn allra flokka.

Leterme segir ómögulegt að leysa deilur milli frönsku- og flæmskumælandi íbúa landsins. Stjórn hans hafi gefist upp á að ná samkomulagi um stjórnarskrárbreytingar til lausnar þessum vanda.

Frestur til að ná samkomulagi rann út í gær. Flæmskumælandi íbúar landsins vilja margir hverjir aukna sjálfstjórn héraðanna, en frönskumælandi stjórnámálemenn



YVES LETERME Forsætisráðherra Belgíu gefst upp á að leysa stjórnskipunardeilur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

saka hina flæmskumælandi um að vilja algeran aðskilnað Flandurs frá Vallandi.

Þessar langvarandi deilur hafa síðan orðið til að æ oftast heyrst til þeirra sem vilja fullt sjálfstæði hins hollenskumælandi Flandurs, þar sem efnahagsástandið er mun betra en í hinu frönskumælandi Vallandi.

Stjórn Letermes hefur aðeins setið í tæpa fjóra mánuði. Hún tók til starfa 20. mars síðastliðinn, eftir langvarandi stjórnarkreppu í kjölfar þingkosninga, sem haldnar voru í júní á síðasta ári.

Að stjórninni stendur brotthætt bandalag Kristilegra demókrata, Sósíalista, Frjálslyndra og harðskeyttra þjóðernissinna frá báðum tungumálssvæðum landsins. -gb

Vandi vegna minni kvóta:

Seyðfirðingar vilja olústyrki

SJÁVARÚTVEGUR „Fyrst aðildarríki ESB telja réttlætanlegt að nota olústyrki til að bregðast við gifurlegum olúkostnaði útgerðanna, hlýtur að vera réttlætanlegt að gera slíkt hið sama á Íslandi,“ segir í ályktun bæjarráðs Seyðisfjarðar sem skorar á ríkisstjórnina að koma strax með áætlanir um hvernig mæta eigi alvarlegri stöðu sjávarútvegsins vegna kvótaniðurskurðar.

„Þegar krónan veikist nýttist það landvinnslunni ágætlega og hefði gert það líka fyrir útgerðina ef hækkun á olíu ætu það ekki upp jafnharðan,“ segir bæjarráð Seyðisfjarðar. -gar



Í FANGABÚÐUM BANDARÍKAHERS Á KÚBU Omar Khadr var fimmtán ára þegar hann var handtekinn helseður eftir bardaga í Afganistan árið 2002. Hann er nú 21 árs, en var sextán ára þegar myndböndin af yfirheyrslum hans voru tekin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hver vaktar þitt heimili?



Prófaðu Heimaöryggi í sumar – án endurgjalds

- Við setjum upp kerfi heima hjá þér og þú prófar í 2 mánuði, engin krafa er gerð um framhaldsviðskipti.
- Heimaöryggi felur í sér innbrotsvörn, útkallsþjónustu, brunaviðvörðun og vatnsviðvörðun.
- Tilboðið gildir til 15. ágúst 2008, gríptu tækifærið núna.
- Í boði á þeim þéttbýlisstöðum landsins þar sem Öryggismiðstöðin hefur þjónustuaðila og sinnir útkallsþjónustu.

TBWA/RE/KJANIK/SIA

Pantaðu núna á
www.oryggi.is



Hringdu í 570 2400 og fáðu öryggi í áskrift

Þjarmað að ungum pilti

Myndbönd af yfirheyrslum í fangabúðum Bandaríkjahers á Kúbu birt í fyrsta sinn. Hinn kanadíska Omar Khadr var handtekinn fyrir sex árum.

KANADA, AP Á myndbandi, sem lögmenn kanadísks fanga Bandaríkjahers á Kúbu hafa birt, má sjá kanadíska leyniþjónustumenn þjarma að Omar Khadr, kanadískum ríkisborgara sem var aðeins 15 ára þegar hann var handtekinn í Afganistan fyrir sex árum.

Þetta er í fyrsta sinn sem myndbönd frá yfirheyrslum í fangabúðunum við Guantanamo á Kúbu sjást opinberlega. Á myndböndunum sést örvauntingarfullur sextán ára drengur sem biður um læknihjálp og vill komast aftur heim til Kanada.

„Hjálp þú mér,“ segir hann hvað eftir annað og ruggar sér fram og til baka með hendur um höfuð og svo er að heyra sem hann segi einnig „drepið mig“.

Við yfirheyrslurnar í Guantanamo hafði hann meðal annars verið fluttur milli klefa á þriggja klukkustunda fresti til að tryggja að hann sofnaði ekki. Þessi meðferð átti að gera hann veikari fyrir í yfirheyrslum.

Á myndbandinu má sjá Khadr spurðan í þau út í fjölskyldu sína, sem lengi hafði verið grunuð um að aðhyllast harðskeytta íslamska pólitík.

Einnig er hann spurður út í aðdraganda handtökunar. Khadr

sagðist hafa dvalist hjá „vöndu fólki“ sem drap Bandaríkjamenn.

Hann segir föður sinn hafa skilið sig eftir í húsi, en hafa ætlað að ná í sig seinna. Fyrst sagði Khadr að fólk í húsinu hafi verið Afganir, en bætti síðar við að meðal þeirra hafi einnig verið útlenskir arabar sem sögðu bæði honum og Afgönunum að berjast fram í rauðan dauðann. Hann segir arabana hafa skotið á bandaríska hermenn og síðan hafi Bandaríkjamenn svarað með skothríð á móti. „Ég vildi ekki berjast, en ég átti engra kosta vól.“

Khadr var handtekinn illa særður í júlí árið 2002, strax að loknum hördum bardaga í Afganistan. Hann er sakaður um að hafa kastað handsprengru sem varð bandarískum hermenni að bana.

Það voru Bandaríkjamenn sem tóku yfirheyrslurnar upp, en verjendur Khadr's fengu myndböndin afhent samkvæmt dómsúrskurði. Alls eru upptökurnar sjö klukkustundir að lengd.

Lögmennirnir tveir, Nathan Whitley og Dennis Mdney, vonast til þess að birting myndbandanna verði til þess að kanadískir stjórnámálemenn láti undan þrýstingi og krefjist þess að Khadr verði fluttur til Kanada. gudsteinn@frettabladid.is

Kiwanisklúbbur gefur milljón:

Elliði styrkir starfsemi BUGL

SAMFÉLAGSMÁL Barna- og unglinga-geðdeild Landspítalans, BUGL, hefur borist milljón króna styrkur frá Kiwanisklúbbum Elliða.

Klúbburinn gaf á dögnum út söngbók sem hann hefur selt í þeim tilgangi að styrkja starfsemi. Allur ágóði af bókinni mun renna í sérstakan styrktarsjóð sem nefnist Birtan en nú þegar hafa safnast 1,9 milljónir króna.

Fyrstu tvö verkefni súa bæði að útgáfu fræðsluefnis fyrir skjólstæðinga BUGL og aðstandendur þeirra.

- ges

Heildaraflí hefur dregist saman um helming í júní miðað við sama tíma í fyrra:

Minnkandi kolmunnaveiðar hafa áhrif

SJÁVARÚTVEGUR Heildaraflí fisks samkvæmt nýjustu tölum Hagstofunnar eru tæplega 61.000 tonn en í júní í fyrra var aflinn rúmlega 112.000 tonn. Samdráttur var í öllum stærstu tegundunum.

Ástæða þessa mikla samdráttar er að sögn Ara Arasonar hjá Fiskistofu minnkandi veiði á kolmunna.

„Stóri munurinn felst í því að það er enginn kolmunni. Kolmunni var 34.000 tonn í júní í fyrra en núna í júní var ekkert veitt af kolmunna,“ segir Ari. Hann segir einnig vera samdrátt í botnfisksaflnum sem dróst

saman um 15.000 tonn. Stærsta talan þar sé í úthafskarfanum sem minnkaði um 7.000 tonn.

Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri LÍÚ segir ástæður minnkandi kolmunnaveiði vera tvíþættar. Það sé annars vegar breytt göngumynstur hans og hins vegar séu veiðarnar mjög orkufrekar. „Líklega hefði verið veitt töluvert meira af kolmunna í ár ef olíuverðið væri ekki svona hátt,“ segir Friðrik.

Hann segir kolmunnann mun dreifðari nú en oft áður og því borgi sig ekki fyrir skip að leggja til svo orkufreka veiða sem kolmunnaveiðar eru.

- vsp



KOLMUNNASKIP Ekkert var veitt af kolmunna í nýliðnum júnímánuði sem skýrir að mörgu leyti samdrátt í heildaraflnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRIKUR

BREYTING Í HEILDARAFLA MILLI 2007 OG 2008

Tegund	Í tonnum
Heildaraflí	-51.218
Botnfiskafli	-14.587
Þorskur	-3.491
Ýsa	-897
Ufsi	-1.550
Karfi	-449
Annar botnfiskafli	-8.200
Flatfisksafli	-90
Síld	-4.932
Loðna	0
Kolmunni	-34.487
Annar uppsjávarfiskur	2.424
Skel- og krabbadýraafli	228
Annar afli	226



FERÐALANGAR Líklega verður ekki troðið svona í bílana hjá samferda.net en allir ættu þó að geta fengið far.

Samferda.net sífellt vinsælli:

Puttaferðalög í gegnum netið

NEYTENDUR Heimsóknafjöldinn á heimasíðuna samferda.net hefur margfaldast á síðustu mánuðum. „Ég veit ekki hvort þessar auknu vinsældir tengjast auknum sparnaði Íslendinga eða meiri vitund um síðuna,“ segir Birgir Þór Halldórsson sem stýrir síðunni. „Nú eru fjörutíu ferðir í boði á síðunni og í kringum hundrað heimsóknir á dag sem er miklu meira en áður.“

Það má segja að síðan bjóði upp á tæknilega útgáfu af puttaferðalögum þar sem hægt er að finna ferðafélaga á netinu. Bæði er hægt að bjóða fólki far í bíl með sér og óska eftir fari. - ges

Grunaður um stórfelld fjársvik:

Farbannið framlengt

DÓMSMÁL Hæstiréttur úrskurðaði á föstudag að farbann yfir Viggó Þóri Þórisssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Verðbréfabjónustu sparisjóðanna (VSP), skuli framlengt til 9. september.

Viggó er grunaður um tilraun til stórfelldra fjársvika fyrir að hafa gefið út tilhæfulausa ábyrgðaryfirlýsingu í nafni VSP að fjárhæð tvö hundruð milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði rúmlega fimmtán milljarða íslenskra króna.

Rannsókn málsins hefur staðið frá því í apríl 2007. Nokkrar tafir hafa orðið á henni þar sem leita hefur þurft aðstoðar yfirvalda í Bandaríkjunum, Kanada, Bretlandi, Ermasundseyjum og Filippseyjum. - gh

STYKKISHÓLMUR

Tólf mánaða í leikskóla

Börn frá tólf mánaða aldri munu framvegis eiga kost á leikskólalássi í Stykkishólmi eftir að bæjarráðið samþykkti samhljóða tillögu þessa efnis. Í tillögunni kemur fram að foreldrar hafi ekki átt kost á dagvistun fyrir tólf til átján mánaða börn og margir því ekki getað snúið aftur til vinnu að loknu foreldraorlofi.



SÍMENNTUN VIÐ BIFRÖST

Áfram menntavegin!

- Diplóma í verslunarstjórnun
- Máttur kvenna I og II
- Rekstur smærri fyrirtækja

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BIFRÖST.IS

WWW.BIFRÖST.IS

DIPLÓMA Í VERSLUNARSTJÓRNUN

Háskólinn á Bifröst býður upp á diplómánám í verslunarstjórnun. Um er að ræða tveggja ára starfstengt nám á framhaldsskólastigi sem fram fer að mestu með fjarnámi.

Markmið námsins er að auka hæfni og þekkingu starfsfólks sem vinnur við verslun og þjónustu. Að námi loknu útskrifast nemendur með diplómapróf í verslunarstjórnun en það veitir rétt til frekara náms við frumgreinadeild Háskólans á Bifröst.

MÁTTUR KVENNA I & II

Háskólinn á Bifröst býður upp á rekstrar-nám í fjarnámi fyrir konur sem hafa áhuga á að bæta rekstrarþekkingu sína.

Markmið námsins er m.a. að gera konur í atvinnurekstri hæfari til að reka fyrirtæki sín, skapa fleiri störf á landsbyggðinni, auka arðsemi fyrirtækja og að efla tengslanet kvenna. Námskeiðið hefst með vinnuhelgi á Bifröst en svo tekur við 3 mánaða kennsla í fjarnámi. Náminu lýkur með vinnuhelgi og formlegri útskrift.

REKSTUR SMÆRRI FYRIRTÆKJA

Auknar kröfur um auknið hagræði í rekstri og skilvirka þjónustu fyrirtækja kalla á haldgöða menntun rekstraraðila. Háskólinn á Bifröst býður eigendum og rekstraraðilum smærri fyrirtækja upp á sérhæft nám sem svar við þeirri þörf sem skapast hefur á þeim markaði sem smærri fyrirtæki starfa á.

Rekstur smærri fyrirtækja (RSF) er nám sem þú getur stundað með vinnu og þannig bætt þekkingu þína. Námið nýtist því frá fyrsta degi í rekstri fyrirtækis þíns.

FRUMGREINAEILD

VIÐSKIPTAEILD

LAGAEILD

FÉLAGSVÍSINDAEILD



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

„ORÐRÉTT“

Blóraböggullinn

„Fólk er að leita sér að skjóli með því að einblína á Evrópusambandið og kennir gjaldmiðlinum um.“

GEIR H. HAARDE UM EFNAHAGSÁSTANDIÐ OG EVRÓPUUMRÆÐU.

Fréttablaðið, 15. júlí.

Blásið úr nös

„Maður var bara fjandí þreyttur eftir gönguna.“

STURLAUGUR EYJÓLFSSON EFTIR AÐ HAFA GENGID 24 FJALLSTINDA Á 26 KLUKKUSTUNDUM, 68 ÁRA GAMALL.

Morgunblaðið, 15. júlí.

tilveran

nær og fjær

HVAD ER AÐ FRÉTTA? GUÐJÓN BERGMANN JÓGAKENNARI

Í rólegheitum heima með nýfæddri dóttur

„Ég er nýorðinn pabbi í annað sinn,“ segir Guðjón Bergmann, jógakennari og fyrirlesari. „Við konan mín eignuðumst dóttur 27. júní þannig að hún er ekki nema rétt tveggja vikna gömul.“

Guðjón segir að frábærlega gangi með litlu dótturina sem hefur verið nefnd Hanna Laufey í höfuðið á langömmum sínum.

„Ég er að taka alvöru fæðingarorlof í fyrsta skipti á ævinni og verð ekkert að vinna aftur fyrr en í haust. Þetta er það eina sem ég hugsa um þessa dagana.“

Guðjón og kona hans áttu fyrir sex ára gamlan son. „Hann er ágilega stoltur af því að vera orðinn stóri bróðir,“ segir

Guðjón.

Fjölskyldan verður að mestu heima í rólegheitunum í sumar, en þó kveðst Guðjón ætla að reyna að fara í stutt fjölskylduferðalag vestur á Hellna í ágúst þar sem móðir hans er búsett.

„Það ætti að vera mátulegt ferðalag fyrir okkur og um að gera að leyfa þeim aðeins að vera með.“

Að öðru leyti eru horfur á rólegu sumri hjá Guðjóni og fjölskyldunni. „Við erum heima öll fjölskyldan í sumar, förum einu sinni í viku í Krónuna eða Bónus og tökum bensín tvisvar í mánuði,“ segir Guðjón. „Ég mæli með þessu í kreppunni, það fer alveg rosalega vel um okkur.“



LULLY: STÓRA TÁIN DRÓ HANN TIL DAUÐA

Jean Baptiste Lully, sem stjórnaði hirðhljómsveit sólkonungsins Loðvíks XIV., lést meðan hann var



að stjórna verkinu Te Deum til heiðurs konunginum. Eins og venjan var hjá Lully stjórnaði hann með því að lemja stórum staf í gólfíð til þess að spilararnir vissu

hvar slagíð var. Í öllum hamaganginum sló hann stafnum óvart fast í fótinn á sér. Við það fékk hann stórt sár á stóru tána sem síðar sýktist. Lully neitaði að láta taka af sér tána og lést stuttu síðar. Þetta var árið 1687.

SJÓNARHÓLL

FORSETAKOSNINGAR Í BANDARÍKJUM

Obama sigurstranglegur

„Obama er minn maður,“ segir Gunnar Svavarsson, þingmaður Svavarsson, þingmaður Samfylkingarinnar, um forsetakosningarnar í Bandaríkjunum. „Í þessum forsetakosningum eins og öðrum er ég stuðningsmaður demókrata,“ segir hann.

Gunnar fylgdist spenntur með baráttu Obamas og Clinton um útnefningu Demókrataflokkans. „Ég hallaðist að því síðasta haust að Obama myndi hafa þetta, þó þetta yrði hnífjafnt. Ég fagna því að Clinton



GUNNAR SVAVARSSON Þingmaður Samfylkingarinnar.

hafi bakkað [Obama] upp síðustu vikur og mánuði.“

Gunnar telur að Obama höfði til Bandaríkjamanna og spáir honum sigri. „Ég held að menn séu orðnir langþreyttir á Bush og þar af leiðandi vilji menn sjá þær breytingar sem demókratar boða og Obama stendur fyrir. [McCain] er svo gamall. Menn hugsa svolítið í átta árum úti. Þegar menn stimpla inn forseta stimpla þeir inn til átta ára. Þar af leiðandi hugsa ég að menn bæti átta árum við aldurrinn.“



Á FARALDSFÆTI Reynir Pétur nýtti ekki aðeins þá jafnfljótu á ferðalaginu heldur fór hann með bíl, rútu, flugvél og tveggis með ferju. Hér er hann að koma úr Hríseyjarferjunni Sævari.

Allt í besta ferðalagi

Göngugarpurinn Reynir Pétur Ingvarsson endurnýj- aði kynni sín við landsmenn í sumarfríu sínu en þá gerði hann viðreist og fór um Vesturland, Vestfirði og Norðurland. Að sjálfsögðu fór hann í mikla göngutúra og seldi einnig varning og kom heim með fulla vasa af seðlum.

„Ég var tvær vikur í burtu og þetta var alveg svakalega gaman,“ sagði Reynir Pétur þegar Fréttablaðið náði tali af honum en þá var hann nýkominn heim á Sólheima í fang Hannýjar Maríu Haraldsdóttur, sambyliskonu sinnar.

Eins og flestir vita gekk hann hringveginn árið 1985 og vann þá hug og hjarta landsmanna með gleði sinni og kímni. Og þótt rúm 20 ár séu liðin virðist landinn ekki hafa gleymt göngugarpinum síkátá. „Það er fullt af fólki sem man eftir mér,“ segir Pétur. „Auðvitað vildi það vita hvað ég hef verið að gera svo ég var mikið á snakkinu með skemmtilegu fólki. Svo hjálpar það til við sölu þegar fólk þekkir til manns. Ég seldi sápu sem framleidd er á Sólheimum og svo geisladiska eftir listamann sem ég þekki. Salan gekk alveg rosalega vel og þegar leið á ferðina var engu líkara en ég væri bólginn um mig miðjan þar sem ég var með fulla vasa af peningum,“ segir hann og skelli- hlær. „Mér var tekið alveg rosalega vel hvar sem ég bankaði upp á. Svo fór ég náttúrliga í langa göngutúra þegar ég kom því við. Það gekk rosalega vel enda gekk ég undir yfirskriftinni „Allt í lagi, Reynir Pétur á ferðalagi“ og svo skellir hann aftur upp úr. En hvað var eftirminnilegast?



FRÁ GÖNGUNNI 1985

YFIRFERÐ REYNIS PÉTURS

Reynir Pétur fór fyrst til Stykkishólms en sigldi svo með Baldri yfir Breiðafjörð til Brjánslækjar og svo til Bíldudals í Arnarfirði. Á bakaleiðinni yfir Breiðafjörðinn stoppaði hann í sólarhring í Flatey áður en hann kom til hafnar í Stykkishólmi. Þaðan fór hann til Borgarness en síðan norður til Akureyrar. Hafði hann vikudöl þar nyrðra og brá sér í Hrísey á þeim tíma.

„Það var rosalega gaman í Selárdal í Arnarfirði. Þar sá ég lista- verkin hans Samúels Jónssonar. Svo fór ég til Uppsala, það var alveg svakalega gaman. Ég fann fyrir Gísla, ég er alveg viss um það að hann er enn þá á svæðinu. Það er náttúrliga undarlegt til þess að hugsa að hann hafi verið þarna í þessari einangrun en ég er viss um það að náttúrefugurinn



GÍSLI GÍSLASON Á UPPSÖLUM

þarna hafi gert honum það létt- ara.“

Jón Ívarsson, nágrenni Reynis Péturs, tók á móti Reyni Péturi á flugvællinum í Reykjavík á mánudag í fylgd Hannýjar. Segist hann hafa orðið hálfheiminn þegar þau skótu hjú hittust eftir tveggja vikna fjarveru bóndans; slíkir voru fagnaðarfundirnir.

jse@frettabladid.is

SUMARTILBOÐ



AFSLATTUR KR. 10.000

VANGO fjögurra manna tjald og tveir svefnpokar Fullt verð kr. 33.985.-

Pakkatilboð

23.985

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSONULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF



Eau Pure. Hressandi ilmur.

BIOThERM



SUMARGLAÐNINGURINN ÞINN

ÞEGAR ÞÚ KAUPIR 2 VÖRUR FRÁ BIOThERM

Þú velur ýmist tösku eða handklæði.*



*gildir á meðan birgðir endast.

ÚTSÖLUSTADIR BIOThERM:

Andorra Strandgata, Hafnarfjörður · Debenhams Smáralind · Snyrtivöruverslunin Glæsibæ
Snyrtistofan GK Kjarninn, Mosfellsbær · Lyf og heilsa Austurvegur · Lyf og heilsa Kringlan · Hagkaup Holtagarðar
Hagkaup Kringlan · Hagkaup Smáralind · Hagkaup Garðabær · Bjarg, Akranes · Konur og Menn, Ísafjörður
Lyf og heilsa, Selfoss · Lyf og heilsa Keflavík · Jara Hafnarstræti, Akureyri · Jaspis, Hornafjörður

19.900

Fullt verð: 24.900

Vnr. 41622035

Partýtjald

Partýtjald, ál, 3x3m. Auðvelt að setja upp og taka niður. Tjaldið kemur í tösku.

39.900

Fullt verð: 47.900

Vnr. 53323160

Sláttuvél

Warrior sláttuvél með fjörgengis BRIGGS & STRATTON mótör. Vélin er 6 hestöfl með 60 l safnpoka, sjálfdrifin, stillanleg sláttuhæð, sláttubreidd 50 cm.

RÝMING

990

Vnr. 88012341

Vindsæng

Vindsæng, 76x190x20 cm.

2.490

Fullt verð: 3.990

Vnr. 41616041/2

Leikstjórastóll

Leikstjórastóll, blár eða gænn.

12.900

Fullt verð: 17.900

Vnr. 41621529

Markísa

Markísa 3,5x2,5 m, græn.

9.900

Fullt verð: 12.900

Vnr. 87977170

Kælibox

Kælibox með rafmagni, 12V

Verð frá:
2.990

Fullt verð: 4.990

Vnr. 88002159

Útileguborð

Útileguborð, samanbrjótanlegt 70x70 cm eða 142x70 cm, ál.

14.900

Fullt verð: 18.900

Partner

Vnr. 53323170

Sláttuorf

PARTNER sláttuorf, 33cc tví-gengis bensínmotor, sláttubreidd 43 cm, stærð beinsintanks 0,85 l, þyngd 6,5 kg.

249.000

Fullt verð: 309.900

Partner

Vnr. 53326055

Sláttutraktor

PARTNER Sláttutraktor með fjörgengis BRIGGS & STRATTON classic mótör. 13,5 hestöfl með 250 l safnkassa. 92 cm sláttubreidd.

18.900

Fullt verð: 33.900

Vnr.41062318

Verkfæraskúr

Verkfæraskúr, einfaldur, 78x78x164 cm.

6.990

Fullt verð: 11.990

Vnr. 44003160

Sessukassi

Sessukassi 125x55x61 cm.

3.990

Fullt verð: 5.990

Vnr. 49804859

Sandkassi

Barna skjaldböku sandkassi með loki, stærð 115x83x35 cm.

Þar sem fagmennirnir versla er þér óhætt!

39.900

Fullt verð: 54.900

OUTBACK

Vnr. 50632315

Gasgrill

OUTBACK HUNTER PLUS gasgrill, 3 pottbrennarar, grillflötur 63x48cm, grillgrind úr postulínshúðuðu pottjárni og innbyggður neistakveikjari. Hliðarborð, lok úr burstuðu stáli, hitamælir. 2 hjól, þrýstijafnari og grillsteinar fylgja. Kemur samansett fyrir utan fætur og hliðarborð. 11,8 kW. Yfirbreiðsla nr. 50634114

35%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
GIRÐINGAEININGUM

ARSALA

á sumarvörum allt að **50%**



19.900

Fullt verð: 27.900

Vnr. 41616034

Garðborð

MADDISON garðborð,
150 mm sexhyrnt.

Vnr. 41616024

Snúningsdiskur

Snúningsdiskur 600 mm.

4.290

Fullt verð: 5.990

Vnr. 41616055

Garðstóll

MILAN stóll miðbak
ironwood.

4.990

Fullt verð: 8.990



afsláttur

39.900

Fullt verð: 59.900

Vnr. 41616037

Garðsett

Palla- og sólstofusett. Sófi, tveir stólar og sófaborð.
Púðar fylgja. Kempas harðviður.



59.900

Fullt verð: 79.900

Vnr. 50632307

Gasgrill

OUTBACK DIAMOND gasgrill með 6 járnþennurum. Grillflötur 77x47 cm, 3 postulínshúðuðar grillgrindur (2 grindur + 1 plata) og innbyggður neistakveikjari. Hitamælir, 2 hliðarborð hægt er að taka annað af og fitubakki sem auðvelt er að hreinsa. Burstað stál / grátt, slanga og þrýstijafnari, efrri grind og festing fyrir gaskút. 15,75 kW.



16.900

Fullt verð: 25.900

Vnr. 50657144

Gasgrill

Yfirbreiðsla nr. 50657147
STERLING gasgrill með tveimur þennurum, grillflötur 50x32 cm, efrri grind 50x24 cm og hitamælir. Postulínshúðuð grillgrind, neistakveikjari, hitadreifiplata og hliðarborð. 8,8 kW.



29.900

Fullt verð: 59.900

Vnr. 41616052

Garðborð

Átthyrnt garðborð með
innfeldum snúningsdisk,
1770x30 mm, Iron Wood viður.

Vnr. 41616010

Garðstóll

MILAN garðstóll,
Iron Wood viður.
Sessa fylgir ekki.

5.990

Fullt verð: 9.900



3.990

Fullt verð: 6.990

Vnr. 49804862

Útileguborð

Barna útileguborð með sólhlíf,
stærð 80x68x47 cm.



12.900

Fullt verð: 26.900

Vnr. 49804864

Sveitahús

Barna sveitahús og girðing, plast,
stærð 109x198,5x121 cm.



1.990

Fullt verð: 3.790

Vnr. 88012304

Busllaug

Busllaug með glugga. 48x175 cm.



ALLIR AÐ SPARA

Flestir Íslendingar sem eru að kaupa sér bíl vilja nú heldur ódýran og sparneytinn bíl en nýjan og dýran bensínhák.

BÍLAR 2



TÍMARNIR TVENNIR

Í Mýrinni, elsta hverfi Parísar, leika börnin sér í körfubolta upp við sjö hundruð ára gamla borgarvegg.

FERDIR 3



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERDIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

LAGER HREINSUN

T.D SÓFASETT, HORNSÓFAR, TUNGUSÓFAR O.FL

allt að -60%

HÚSGAGNA LAGERSALA OPIÐ MÁN - FÖS 9 - 18

Dugguvogi 2 / Sími 557 9510 / patti.is

Yfir 46

Tilboðsdagar til mán 21 júlí

30% afsláttur

af öllum vörum verslunarinnar

Stærðir 42-60.

Borgarbraut 55

310 Borgarnesi

Sími: 4371930

Opnunartími:

Virka daga 12-18

Laugardaga 12-16

VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“



Adólf Ingvi og Skúli Arason trommuleikari upplifðu margt á tónleikaferð sinni um Evrópu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Spiluðu um alla Evrópu

Björbandið er hljómsveit sem hefur ferðast víða um Evrópu síðustu ár og gert garðinn frægan.

„Ætli við séum ekki frægasta götuhljómsveit Íslands sögunnar,“ segir Adólf Bragason, bassaleikari í Björbandinu, og brosir út í annað er blaðamaður Fréttablaðsins spyr hann út í ævintýri hljómsveitarinnar á götum Evrópu.

Björbandið spilaði fyrst í Evrópu fyrir sjö árum. Þá leigðu meðlimir þess níu manna bílaleigubíl í Frakklandi og óku þvert í gegnum ellefu lönd á þremur mánuðum og spiluðu á götum úti. „Þetta var alveg geggjúð ferð, þar sem við héldum okkur uppi einungis með því að spila og syngja. Ásamt því að spila á götum úti vorum við fengnir til að koma fram á alls konar uppákomum á skritnum stöðum. Fólk sá okkur fyrr um

daginn úti á götu og bókaði okkur í veislu um kvöldið. Við spiluðum óvænt á bjórhátíð í Þýskalandi, í einka-veislu fyrir ríkan barón og vini hans í Amsterdam, 18 ára afmæli í Feneyjum með fimmtíu óskrandi kaþólskum stúlkum í brjáluðum hita og svo mætti lengi telja,“ segir Adólf.

Tveimur árum eftir Evrópureisuna flutti hljómsveitin til Kaupmannahafnar þar sem meðlimir bandsins stunduðu háskólanám.

„Við eigum marga klukkutíma af ómetanlegu efni á vídeó af ferðum bandsins í Evrópu og stefnum við á að gera heimildarmynd úr efninu. Við erum búnir að bóka nokkur brúðkaup í sumar og slatta af árhátíðum í haust,“ segir Adólf og minnir á að Björbandið muni spila á dansleik á 800 Bar á Selfossi laugardagskvöldið 19. júlí og bendir einnig á heimasíðu Björbandsins sem er www.bjorbandid.com.

mikael@frettabladid.is

Bjóddu henni út að borða

weber – gasgrill í úti-leguna!

Söluastaðir: Járn og gler · Garðheimar · Húsasmiðjan · Egg · Búsáhöld Kringlunni
Útilegumaðurinn · Motor Max · Everest · Seglagerðin Ægir · www.weber.is

allt bílar o.fl.

Bílinn þarf að athuga áður en haldið er af stað í ferðalag. Gott er að yfirfara bílinn og útbúnað hans þannig að ferðin verði í senn örugg og ánægjuleg.



Allir vilja sparneytna bíla

Samdráttur er í sölu stórra og dýrra jeppa hér á landi en eftirspurnin eykst eftir ódýrum og sparneytnum bílum. Þetta er niðurstaða lauslegrar könnunar á markaðinum.

„Nú selst mest af 100 til 700 þúsund króna bílum, einkum ef lán á góðum vöxtum hvíla á þeim. Nýir bílar fara hins vegar rólega,“ segir Hlynur Geir Hjartarson, sölumaður á Bílasölu Selfoss, sem selur bæði nýja og notaða bíla. Hann segir mikla eftirspurn eftir eyðslugrönnum bílum og nefnir Skoda Oktavia dísilbíl sem dæmi. Hlynur segir umboðin talsvert gera af því að selja notaða bíla til að losa fjármagn og fólk geti gert góð kaup í þeim ef það á fyrir innborgun.

Hilmar Böðvarsson, framkvæmdastjóri hjá Toppbílum, hefur sömu sögu að segja. „Nú vilja allir sparneytna og ódýra bíla,“ segir hann. „Fjármögnunar fyrirtækin eru ekki með útbreiddan faðminn og það er erfitt fyrir fólk að fá lánsfé fyrir eldri bílum,“ segir hann og kveðst vanta ákveðna bíla á planið hjá sér. „Við erum að tala um fjögurra til sex ára eyðslugranna bíla eins og Toyota Corolla og Toyota Yaris.“

Jón Ragnarsson í Bílahöllinni segir sölu á 5-7 milljóna bílum ansi mikið stöpp, töluvert sé hins vegar að seljast á 500-1.500 þúsund. „Fólk hugsar orðið mikið um eldsneytissparnað eins og eðlilegt er. Losar sig við



Sala notaðra bíla er líflæg, einkum á ódýrum og sparneytnum. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

þrjú bílinn af heimilinu og spár í krónurnar. Gallinn er að á sumum bílum eru lánin orðin hærri en verðgildið. Þá er ekki hægt að selja nema með tapi.“

Bæði Brynjar Elefsen, starfsmaður á markaðssviði Heklu, og Jón Óskar Halldórsson, sölustjóri Toyota á Íslandi, finna mest fyrir samdrætti í sölu á stórum jeppum. „Þeir sem kaupa sér jeppa núna fara frekar í smærri gerðirnar en þær stærri,“ segir Jón Óskar. Brynjar er á sama máli. „Hér tekur fólk Outlander fram yfir Pajero þessa dagana. Það tekur sér meiri tíma en áður til kaupanna og metur hlutina út frá verði, eldsneytiseyðslu og öðru slíku.“

gun@frettabladid.is

Skoda Oktavia dísilbíl er vinsælastur á Bílasölu Selfoss.



Toyota Yaris er eftirsóttur í Toppbílum.



Fólk tekur minni jeppa eins og Outlander fram yfir þá stóru hjá Heklu.

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is



Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is



SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · Sími: 567 7360

KERRUÖXKLAR Í ÚRVALI

og hlutir
til kerru-
smíða



FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

ARCTIC WEAR
Vinna · Öryggi · Útivist



Polartec flísjakki
Stærðir XS-XXXXL

Verkfæravesti
Stærðir XS-XXXL

Póló, Stutterma og
Háskólabólur
Stærðir XS-XXL

Fatnaður fyrir
íslenskar aðstæður

Sími: 534-2900

Grófinni 13 • 230 Reykjanesbæ • Sími: 824-4070 • jon@arcticwear.is

Auglýsingasími

512 50 50



Mest lesið

Allt í húsvagninn...

...í settum fyrir handlagna



Gasmiðstöðvar
1900 - 2800W
frá aðeins kr. 79.048,- settið.



Vatnshitarar
13L gas / 220V
frá aðeins kr. 61.560,- settið.



Sólarsellusettt í úrvali.



VERSLUN / VERKSTÆÐI

Helluhrauni 4 220 Hafnarfjörður
Sími 555 4900

www.rotor.is

lang - stærsti húsbilavefurinn

Allar nánari upplýsingar um þjónustu og vörur á www.rotor.is.



Fjarstýrð vagndrif

verð frá kr. 175.688,- settið



Boltaleikir við borgarmúrinn

Í borg þar sem allt virðist frá öðrum tíma eru leikvöllir barna ekki endilega undantekning.

Í elsta hverfi Parísar, Mýrinni, spila krakkar fótbolta og körfubolta upp við vegg frá tólftu öld. Sjálfsgagt flest án þess að gera sér nokkra grein fyrir hversu gamall og sögulegur þessi veggur raunverulega er. Veggurinn er leifar af borgarmúrnum sem að Filippus II., sem var konungur frá 1179 til 1223, lét gera til að verja borgina í lok tólftu aldar en þá hélt hann til krossfara. Fyrst var byggt á hægríbakkka Signu en eftir aldamótin var haldið áfram á vinstribakkanum. Borgarmúrarnir voru í hjartalagi, sjötíu metra háir og nýu metra þykkir.

Aðeins tveimur öldum síðar urðu múrarnir gagnslaussir vegna byggingaframkvæmda Karls V. sem þá var konungur. Í dag eru litlar leifar af múrnum en þær



Fulltrúar framtíðarinnar leika sér við sjöhundruð ára gamalt mannvirki í Parísarborg. MYND/BERGÞÓR BJARNASON

stærstu og heillegustu eru í auk þess að draga að sér auga fjórða hverfi Parísar og nýttast vegfarenda. aðallega í boltaleiki borgarbarna

- beb

Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is

THULE
SWEDEN

Taktu hjólið með
- settu það á toppinn.



THULE ProRide 591


Einfaldar og stílhreinar hjólafestingar. Auðveldar í notkun.



THULE OutRide 561

Fyrir þá sem eru vanir. Hjólið fest í framgaflinum.

Allar upplýsingar um **THULE** er að finna á vef Stillingar www.stilling.is



Það er með öllu óheimilt fyrir konur í Dubai að baða sig í sólinni berar að ofan.

Vilja engu strípalinga

Leynilögglumenn vakta nú strandir Dubai til að stoppa ferðamenn sem baða sig í sólinni ósiðsamlega klæddir.

Yfirvöld í Dubai hafa undanfarið staðið í ströngu við að hylja hálf nakta baðstrandargesti. Leynilögglumenn vakta gullnar strendur landsins og hafa síðustu vikur handtekið tæplega 80 ferðamenn fyrir þær sakir að vera ósiðsamlega klæddir, eða óklæddir öllu heldur.

Samkvæmt heimildum CNN hófst átakið í kjölfar þess að breskt par fannst í ástarleikjum á vinsælli baðströnd.

Samfara því að klæða fáklædda ferðamenn hafa yfirvöld hrint af stað herferð sem miðar að því að minna ferðamenn á að þrátt fyrir skemmtistaðina, barina og lúxushótel séu þeir staddir í múslímaríki þar sem reglur um síðsemi séu ekki þær sömu og í hinum vest-ræna heimi.

-tg

Stökktu til

Fuerteventura

22. júlí - 29. júlí

Frá kr. **39.990**



Örfá sæti laus!

Heimsferðir bjóða ótrúlegt sértílbóð á síðustu sætunum til Fuerteventura 22. júlí í viku. Þessi skemmtilega eyja í Kanaríeyja-klanum hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Njóttu lífsins á þessum vinsæla sumarleyfisstað í friinu. Þú bókar flugsæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Bjóðum einnig frábær sértílbóð á vinsælum íbúðahótelum í Corralejo; Maxorata Beach, Oasis Dunas og Oasis Papagayo.

Verð kr. **39.990**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2 -11 ára saman í herbergi / stúdíó / íbúð. Stökktu tilboð, 22. júlí í viku.

Verð kr. **49.990**

Netverð á mann, m.v. 2 saman í herbergi / stúdíó / íbúð. Stökktu tilboð, 22. júlí í viku.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is



Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Hringdu í síma **512 50 60** ef blaðið berst ekki



www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavík | Bildshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur
Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður | Draupnigata 1, 600 Akureyri
Eyravegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000

MARKAÐSTORG HEIMILANNA



Láttu smáauglýsingar Fréttablaðsins taka til í garðinum fyrir þig

NÚ KOSTAR BARA 850 KALL AÐ AUGLÝSA GARÐDÓTIÐ ÞITT TIL SÖLU

Dagana 10.–17. júlí bjóðum við auglýsingar í flokknum *Garður* fyrir aðeins 850 krónur (grunnverð) í Markaðstorgi heimilanna í Fréttablaðinu og á visir.is. Skráðu inn auglýsinguna á visir.is eða hafðu samband við þjónustuver í síma 512 5100.

Afgreiðslan er opin alla virka daga frá 8–17 en tekið er við pöntunum í síma kl. 8–22, um helgar kl. 10–22 og á visir.is.

Allt sem þú þarft...



...alla daga

Stjórnsmál heilsíðuauglýsinganna

UMRÆÐAN

Jón Kristjánsson skrifar um Evrópu-mál



JÓN KRISTJÁNSSON

Ein af upptökum síðustu viku í stjórnsmálum var sú að heilsíðuauglýsing birtist í blöðum sem innihélt opið bréf til forsætisráðherra og utanríkisráðherra með áskorunum um að fara nú að gera eitt-hvað, ekki sist í gjaldeyrismálum. Þetta vakti nokkra athygli og fleirum en mér þótti það einkennilegt að stórkaupmenn sem voru skrifaðir fyrir þessum auglýsingum gætu ekki talað við forystu Sjálfstæðisflokksins nema borga morð fjár fyrir. En svona er lífið þessa sumardaga.

Hins vegar finnast mér staðhæfingar sem hafa verið í umræðunni undanfarna mánuði ekki hafa fengið nógu djúpa umfjöllun. Sú umræða er nú uppi að spákaupmenn og jafnvel bankar sem eru að undirbúa milliuppgjör sín geti haft áhrif á krónuna sér í hag. Sé þetta rétt eru þetta stóralvarleg tíðindi sem forystumenn í stjórnsmálum geta ekki leitt hjá sér. Eg tek það fram að ég hef engar forsendur til að slá neinu föstu í þessu efni, en ég eins og aðrir hef heyrt þær fréttir að Seðlabankinn hyggist rannsaka þetta og sé raunar að því.

Staðreyndin er að við viljum vera í alþjóðaviðskiptum og láta þar til okkar taka. Flæði fjármagns er frjálst, en gjaldmiðillinn einn sá minnsti í veröldinni. Það er afskaplega ólíklegt að svona geti þetta gengið til fram-búðar.

Evran eini kosturinn

Ég er þeirrar skoðunar, og fyrir því eru þjóðernisástæður, að það sé ekki aðlaðandi kostur fyrir okkur sem sjálfstætt ríki að taka upp mynt annars ríkis, hvort sem það er svissneskur franki eða dollar. Mér finnst allt öðru máli gegna að ganga inn í myntbandalag okkar helstu viðskiptaþjóða, með öðrum orðum að taka upp evru. Það er fullljóst að það verður ekki gert í einni svipan, en væri nú ekki nauðsynlegt fyrir þjóðina að fá að víta það hvaða áform ríkisstjórn Íslands hefur í raun í þessum málum. Eins og er tala ráðherra og þingmenn stjórnarliðsins í allar áttir, og allur almenningur er jafnnær. Nú síðast veltir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra því upp hvort hægt sé að taka upp evru með viðræðum við Evrópusambandið.

Umræða um Evrópumálin er þannig öll á floti. Við vitum ekkert um það í raun hvaða kostir myndu bjóðast ef hugsað væri til aðildar að Evrópubandalaginu. Nauðsyn ber til að stíga ákveðnari skref til þess að skerpa umræðuna. Minn flokkur vill þjóðaratkvæði um samningsmarkmið. Samfylkingin vill sækja um aðild nú þegar. Forysta Sjálfstæðisflokksins er andsnúin aðild, en í innviðum flokksins er greinilega bullandi undiralda um fylgi við aðild. Vinstri grænir eru á móti, vilja jafnvel segja upp EES-samningnum, og Frjálslyndir eru væntanlega á móti.

Botninn vantar þó í alla þessa umræðu.

Eitt ættu þó allir að geta verið sammála um. Það er að setja sér þau markmið í efnahagsmálum að innan ákveðins tíma gætum við uppfyllt efnahagslega skilyrði aðildar, m.a. um afkomu ríkissjóðs, verðbólgu, vaxtamál. Það hefur ekkert heyrst af slíkri stefnumótun.

Við Íslendingar erum Evrópuþjóð og viljum vera það. Eg vil ekki spá um hugsanlega aðild að Evrópubandalaginu, en ég er einn af þeim sem vildi láta á það reyna. Hins vegar er ekkert um

það vitað á hvaða forsendum slíkt væri mögulegt.

Samræðupólitíkin

Oft er það svo að staðhæfingar eru endurteknaðar í fjölmiðlum þar til þeir verða sannleikur í hugum fólks. Ein slík klisja gengur aftur trekk í trekk um þessar mundir, sú að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafi verið sammála um alla hluti í stjórnarsamstarfinu. Það var auðvitað víðs fjarri og væri vandalaust að nefna dæmi því til sönnunar.

Hins vegar fannst okkur það skylda að upplýsa þjóðina um það hver sameiginleg stefna ríkisstjórnarinnar væri. Til þess eru ríkisstjórnarfundir meðal

Umræða um Evrópumálin er

þannig öll á floti. Við vitum ekkert um það í raun hvaða kostir myndu bjóðast ef hugsað væri til aðildar að Evrópubandalaginu. Nauðsyn ber til að stíga ákveðnari skref til þess að skerpa umræðuna.

annars. Nú þykir það líklegast til þess að bjarga lýðræðinu í landinu að ráðherra tali út og suður um málin, þótt engum detti í hug að þeir fylgi skoðunum sínum eftir. Þetta kallast samræðupólitík.

Ég spái því að þessi samræðupólitík endist út kjörtímabil, en hún verður þá áreiðanlega búin að reyna á taugakerfið í mörgum stjórnarliðanum, hvort sem það eru ráðherra, þingmenn eða hinir almennu stuðningsmenn stjórnarflokka. Samfylkingarráðherrunum mun síðast af öllu detta í hug að standa upp úr stólunum sínum þó að þeir séu með mannalæti og Sjálfstæðisflokkurinn er búinn að vera svo lengi við völd að margir þar innanúts telja Valhöll vera ráðuneyti til viðbótar öllum hinum.

Höfundur er fyrrverandi ráðherra.

Fyll'ann takk!

NÝTT!
Lögin beint
inn í iTunes
og á iPod



Vertu tilbúinn í sumarfríð!

Á Tónlist.is getur þú nálgast yfir 50.000 lög og fyllt spilarann þinn af toptónlist. Allt efni á Tónlist.is er ólást (DRM laust) og kostar frá 79 krónum lagið. Þannig getur þú fært tónlistina hindrunarlaust á milli tölvunnar, spilarans og farsímans.

Nýtt á Tónlist.is - lögin beint inn í iTunes á tölvunni!
Nú getur þú tengt Tónlist.is beint við iTunes eða Windows Media Player. Öll lög sem þú kaupir fara sjálfvirk yfir í spilarann þinn.



Fylltu á iPodinn · Farsímann · Tölvuna



SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

CELIA CRUZ LÉST PENNAN DAG
ÁRIÐ 2003.

„Ég þríf alltaf áður en húshjálpin kemur. Ef ég geri það ekki þá get ég ekki fundið neitt þegar ég kem heim. Húshjálpin felur alltaf hluti sem liggja á glámbekk.“

Celia Cruz var kúbversk salsa-söngkona. Hún var sá kúbverski flytjandi sem naut hvað mestrar velgengni á 20. öldinni.



PETTA GERÐIST: 16. JÚLÍ 1661

Fyrstu seðlarnir gefnir út í Evrópu

Fyrstu eiginlegu peningaseðlarnir sem gefnir voru út í Evrópu komu þann 16. júlí 1661. Þeir voru gefnir út af Stockholms Banco sem er forveri Svíþjóðar-banka. Árið 1664 varð bankinn þó uppiskroppa með krónur til að kaupa seðlana og hætti því störfum það ár.

Ekki eru til margir seðlar af þessum fyrstu eiginlegu peningaseðlum og þeir eru sjaldgæfir safnaramunir.

Þetta var þó ekki fyrsta tilraun til bréfvíðskipta í Evrópu því fyrstu bréfpeningarnir voru mynt sem gefin var út í Leyden í Hollandi í spænska útsátrinu 1574. Í útsátrinu dóu yfir 5.000 af 14.000 íbúum Leyden, aðallega vegna hungursneyðar. Leður, sem oft var notað til að búa til

neyðargjaldmiðil, var jafnvel soðið til þess að fæða fólkíð.

Sem gjaldmiðil notuðu íbúarnir því blöð úr sálma- og kirkjubókum og þjuggu til peningaseðla úr mótum sem áður voru notuð til að slá mynt.

Það var svo árið 1694 að Englandsbanki setti fyrstu varanlegu peningaseðlana í umferð. Með tímanum varð Englandsbanki einn áhrifamesti peningaútgáfubanki í heiminum.

Eitt af vandamálunum við upphaf bréfpeningaútgáfu var sjálfur pappírinn og reyndu mörg fyrirtæki að þróa sérstakan pappír á 18. og 19. öld. Vegna óvissu tengdri bréfpeningum biðu mörg lönd Evrópu með að gefa þá út þar til seint á 19. öld.



MERKISATBURÐIR

- 1627 Sjóræningjar frá Alsír koma til Vestmannaeyja.
- 1955 Dwight D. Eisenhower, forseti Bandaríkjanna, kemur í stutta heimsókn til Íslands.
- 1965 Mont Blanc-göngin milli Frakklands og Ítalíu eru opnuð.
- 1969 Apollo 11 er sent af stað frá Flórída og verður fyrsta mannaða geimskipið sem lendir á tunglinu.
- 1992 Richard von Weizacker, forseti Sambandslýðveldisins Þýskalands, kemur í tveggja daga opinbera heimsókn til Íslands.
- 2005 Harry Potter og blendingoprinsinn kemur út og selst í 9 milljónum eintaka á fyrsta sólarhringi.

tímamót

tímamot@frettabladid.is



†
Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Jón Friðrik Jónsson
málameistari, Ofanleiti 25 (áður Njálsgötu 8b),

lést á Landspítalanum sunnudaginn 13. júlí síðastliðinn. Jarðarförin auglýst síðar.

Anna Lind Jónsdóttir	Guðmundur Guðmundsson
Arnfríður Jónsdóttir	Karl Þór Ásmundsson
Soffía Rut Jónsdóttir	Einar O. Björnsson
Jón Þór Benónýsson	Ásdís Helga Hallgrímsdóttir
Ingólfur Arnar Guðmundsson	Tinna M. Ólafsdóttir
Helgi Guðmundsson	
Thelma Lind Guðmundsdóttir	
Dagbjört Þórey Einarisdóttir	
Ásmundur Hjörtur Einarsson	
Jón Hermann Jóhannesson	
Þórdís Lind og Sara Dís Jónsdætur.	



†
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
Magnþóra J. Þórarinsdóttir (Didða)
Kirkjuvegi 1, Keflavík (áður Húsatóftum Garði),

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja hinn 11. júlí. Útför fer fram frá Útskálakirkju fimmtudaginn 17. júlí nk. kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

Þórarinn S. Guðbergsson	Ingunn Pálsdóttir
Bergþóra Guðbergsdóttir	Ólafur Sigurjónsson
Jens Sævar Guðbergsson	Ólöf Hallsdóttir
Theódór Guðbergsson	Jóna Halla Hallsdóttir
Rafn Guðbergsson	Rósbjörg Karlsdóttir Olsen
Reynir Guðbergsson	Salvör Gunnarsdóttir
Anna Guðbergsdóttir	Kristján Gestsson
Ævar Ingi Guðbergsson	Svava G. Sigurðardóttir

ömmu-, lang- og langalangömmubörn.



†
Ástkær frænka mín,
Helga Kristjánsdóttir
Brekustíg 14 í Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni föstudaginn 18. júlí kl. 13.00.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Hlíf Thors Arnlaugsdóttir.

Legsteinar í miklu úrvali



Steinmiðja
• Víðarhólfa 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is

AFMÆLI

ANNA KRISTÍN
ARNGRÍMS-
DÓTTIR
LEIKKONA
er 60 ára



MARK
BURNETT,
BANDARÍSKUR
ATHAFNA-
MAÐUR,
er 48 ára.

WILL FERRELL
LEIKARI
er 41 árs.



TÓNLISTIN ÁHUGAVERÐ Porkell Sigurbjörnsson tónskáld segist aldrei hafa tekið ákvörðun um að verða tónskáld.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

PORKELL SIGURBJÖRNSSON: SJÖTUGUR Í DAG

Ófundaði stundum vetrarafmælisbörn

„Ég hef afskaplega lítið um afmælið mitt að segja,“ segir Þorkell Sigurbjörnsson tónskáld, hláturmildur. „Þetta gerist svona af sjálfu sér. Tíminn líður.“

Þegar Þorkell er inntur eftir því hvort hann ætli að gera eitthvað í tilefni dagsins segir hann að vinir hans og kunningjar muni heilsa upp á hann í Salnum í Kópavogi. „Ég veit ekki fyrirfram hvað margir munu koma en ég vona bara að sem flestir mæti,“ segir Þorkell og bætir við að hann eigi sem minnst að vita um veisluhöldin. „Ég er ekki að skipuleggja veisluna sjálfur. Það er bara alls konar gott fólk í kringum mig. Ég veit að það eru búnar að vera símhringingar vegna veisluunnar.“

Þorkell segir að það verði án efa spilað og sungið í veisluinni. Tónlist tengist honum sterkum böndum en hann hóf ungur hljóðfæranám og stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík. „Ég var aðallega að spila á píanó en ég byrjaði svona sjö eða átta ára að læra á það. En ég spilaði líka á fiðlu sem krakki,“ segir Þorkell.

Hann segir tónlistina alltaf hafa verið eitthvað sem honum hafi þótt mjög áhuga-vert þó hann hafi aldrei beinlínis tekið

ákvörðun um að verða tónskáld.

„Ég býst við að eftirminnilegasta afmælið mitt hafi verið fyrir tíu árum, þegar ég varð sextugur. Þá var bara haldin heilmikil veisla, fjölmenni kom og sólin skein,“ segir Þorkell og hlær við upprifjun minningarinnar.

Þegar Þorkell er inntur eftir því hvort ekki hafi verið erfitt að halda upp á afmælið sitt sem barn, þar sem það ber upp á hásumartímum, segist hann einfaldlega ekki hafa haldið upp á afmælið sitt. „Ég ófundaði stundum krakkana sem átta afmæli að vetri til vegna þess að þeim var óskað til hamingju með afmælið í skólanum,“ segir Þorkell skellihljæjandi. „Mér fannst gaman að geta óskað einhverjum til hamingju með daginn.“

Eftir afmælishaldið mun Þorkell halda til Danmerkur á alþjóðlega kórahátíð. „Hamrahliðarkórinn er að fara og það á að frumflytja verk eftir mig. Ég fer ekki beinlínis með þeim en verð á sama stað,“ segir Þorkell og bætir við að það sé gaman að heyrta tónverkin sín flutt. „Sérstaklega þegar gott fólk á í hlut sem gerir hlutina vel.“

martaf@frettabladid.is



LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósar, blómavasar, englar, stytur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677



†
Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,
Indriði Indriðason
ættfræðingur og rithöfundur, frá Fjalli,
sem lést föstudaginn 4. júlí, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 17. júlí kl. 11.00.

Indriði Indriðason
Ljótunn Indriðadóttir
Sólveig Indriðadóttir
Björn Sverrisson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



†
Okkar ástkæra frænka og systir,
Margrét Ágústa Ágústadóttir (Gústa)
áður til heimilis að Leifsgötu 10, Reykjavík,

lést á Dvalarheimilinu Grund 11. júlí. Útför auglýst síðar.

Aðstandendur

Blaðberinn minn hjálpur mér að taka til



FITON/SIA

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga, frá kl. 8-17, á meðan birgðir endast.

Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heiminu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðapappír.

Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

STUÐ MILLI STRÍÐA Frí til að lifa

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR HYGGST VERÐA SVELTANDI SJÁLFSÞURFTARBÓNDI



Ég er snúin aftur úr sumarfríi. Frí er kannski ofsögum sagt, þar sem mér tókst, að vanda, að koma mér í smá aukavinnu á meðan á því stóð og verja svo flestöllum þeim mínútum sem afgangur voru í máln-ingarvinnu og flutningastúss. Ég komst að því að það er þínu svekkjandi að horfa upp á sólina grilla allt og alla á meðan maður tekur upp úr kössum, setur ofan í aðra, malar á sér tærnar og sótbólvar þriðja rífa svarta ruslapokanum, í staðinn fyrir að sitja einhvers staðar á skjólgóðum stað og sötra sumardrykki og borða grillaðar

risarækjur. En ég er í það minnsta flutt og get því grillað mínar eigin rækjur í framtíðinni. Auk þess að flytja stóð ég svo í heimsóknunum í bankastofnanir, símafyrirtæki, til sýslumanns og annarra skemmtilegra stofnana. Ég hafði nefnilega látið ýmiss konar hversdagslegt stúss sitja á hakanum, vitandi það að ég væri á leið í frí.

Því laust svo niður í mig á síðasta „frídegnum“ mínum hvað þetta er í rauninni merkilegt mál. Ég tók mér tvær vikur í frí frá vinnu til að sinna lífinu. Er ekkert bogið við það? Mér hefði líka fundist þetta fyrirkomulag undarlegt þó ég hefði legið á teppi í Hljóm-skálagarðinum dagana á enda. Sumarfríunum okkar er varið í að

ferðast, borða góðan mat, slaka á, lesa bækur, njóta samvasta við vini og fjölskyldu. Fyrir mér er það lífið. Mér finnst eitthvað kengbog-ið við það að þurfa að fá frí frá vinnu til að hafa tíma til að lifa. Ég er ekki alfarið bláeygð. Græn-eygð, frekar. Ég geri mér grein fyrir því að samfélagið eins og það lítur út í dag byggist að miklu leyti á þessum blessaða átta tíma vinnu-degi okkar, flestallar vikur ársins. Ég held hins vegar að það styttest í að ég verði sveltandi sjálfsþurft-arbóndi einhvers staðar uppi í sveit (sveltandi, því þó augun í mér séu grænleit eru fingurnir það ekki), þar sem ég ræð því alfarið sjálf hvenær ég vil leggjast á teppi úti í garði.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



www.gras.is
ÞAR, SEM ALLT SNÝST UM
FOTBOLTA

Nýtt! Gras.is beint á skjáborðið þitt!
Gras.is hefur sett upp veifjónustu (Gagdet) sem tengir þig beint við fréttirnar, án þess að þurfa opna vafrann þinn!

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

**TAKTU ÞÁTT! ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
10. HVER VINNUR!**

ÚTSÖLU LEIKUR

Sendu SMS skeytið **BT UBT** á númerið **1900**. Þú færð spurningu og svarar með því að senda SMS skeytið **BT A, B** eða **C** á númerið **1900**.

Aðalvinningur er MEDION tölva ásamt 19" LG skjá!

Geggjaðir aukavinningar
PANASONIC MINIDV · iPod Nano · Playstation 3 · GARMIN GPS · HP Prentarar
Olympus myndavélar · SonyEricsson gsm símar · PSP tölvur · Gjöfabrétt á Tónlist.is
Kíppur af Gosi, Gítar Hero bolur og enn meira af DVD myndum, geisladiskum og tölvuleikjum!

BT SMS LEIKUR


*Aðalvinningar dregin út úr öllum innsendum skeytum þann 8. ágúst 2008. Vinningar verða afhentir í BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið. Þú færð 5 mín til að svara spurningu. Leik líkur 8. ágúst 2008

Safnrit Shakespeares endurheimt

Nýverið endurheimti bókasafn háskólans í bresku borginni Durham eina mikilvægustu eign sína; frumútgáfu af fyrsta safnriti leikrita Shakespeares. Safnritið kom út árið 1623, aðeins sjö árum eftir dauða skáldsins, og inniheldur öll leikrit hans. Ritið er gjarnan talið með þeim mikilvægustu sem komið hafa út á prenti á enskri tungu, enda hefur það verið notað sem helsta heimild allra seinni útgáfa á leikritum Shakespeares. Ritin voru upprunalega 750 talsins, en í dag er aðeins vitað um 230 þeirra.

Ritinu var stolið úr bókasafninu í Durham fyrir tíu árum síðan. Biræfnir þjófar brutu sýngarskápa og stálu þaðan fjöldatanum öllum af sjaldgæfum og dýrmætum bókum auk Shakespeare-ritsins, þar á meðal handritum frá fjórtándu og fimmtándu öld og útgáfu af Bjólfskviðu frá nítjándu öld. Ekkert hafði spurst til bókanna síðan þeim var stolið, en þær eru allar svo gott sem einstakar og því líkast til erfitt að koma þeim í verð.

Það bar þó svo við að í síðasta mánuði kom breskur bókasali, Raymond Scott að nafni, með Shakespeare-ritið í Folger Shakespeare-bókasafnið í Washingtonborg í Bandaríkjunum til þess að láta meta það. Glöggir starfsmenn Folger-safnsins sáu undireins að um ófalsaða útgáfu væri að ræða og voru ekki lengi að finna út að henni hafði verið stolið. Ritinu hefur nú verið skilað til háskóla-bókasafnsins í Durham, en Raymond Scott var handtekinn. Hann ber því stutt og stöðugt við að hafa keypt ritið á markaði á Kúbu, en leit á heimili hans leiddi í ljós talsverðan fjölda gamalla bóka sem Scott gat ekki fyllilega gert grein fyrir. Því miður fundust þó ekki hin ritin sem á sínum tíma hurfu af Durham-bókasafninu og eru örlog þeirra því enn sem komið er ráðgáta.



SHAKESPEARE Eitt merkasta skáld enskrar tungu, fyrr og síðar.

menning

menning@frettabladid.is

Orgeltónlist og sönglög í hádegi

Mezzósópransöngkonan Sólveig Samúelsdóttir og orgelleikarinn Lenka Mátéova koma fram á hádegistónleikum í Dómkirkjunni í Reykjavík á morgun kl. 12.15. Tónleikarnir eru hluti af röð á vegum Félags íslenskra organleikara og Alþjóðlegs orgelsumars.



LENKA MÁTÉOVA OG SÓLVEIG SÆMUNSDÓTTIR Koma fram á áhuga-verðum hádegistónleikum í Dómkirkjunni í Reykjavík á morgun.

Sólveig er Íslendingur og Lenka er frá Tékklandi. Listakonurnar tóku mið af þjóðernum sínum við samsetningu efniskrár tónleikanna og munu því flytja bæði tékkneska og íslenska tónlist á tónleikunum. Þeir hefjast á því að þær flytja fjóra söngva úr Biblíuljóðum Dvoraks og síðan leikur Lenka tvö orgelverk eftir tékkneska barroktónskáldið Bohuslav Matej Cernohorský. Seinni hluti tónleikanna einkennist af íslenskum sönglögum; flutt verða Sumar, Í dag skein sól og Vögguvísa eftir Pál Ísólffsson og Ave María eftir Sigvalda Kaldalóns.

„Okkur þótti viðeigandi að flytja tónlist eftir Pál Ísólffsson á þessum tónleikum þar sem hann var á sínum tíma Dómkirkjuorganisti,“ útskýrir Sólveig. „Svo langaði okkur að taka Ave Maríu Sigvalda Kaldalóns þar sem að það tínast oft inn túristar á tónleika á þessum árstíma og Ave María slær alltaf í gegn, enda ákaflega fallett verk.“

Það er ekki á hverjum degi sem tékknesk og íslensk tónlist

ómar hlið við hlið. Sólveig segir enda nokkuð ólíkan hljóminn í tónlist landanna tveggja. „Íslenska tónlistin sem við flytjum er nokkuð undir áhrifum frá þjóðlagatónlist, en það er einhver allt annar tónn í tékknesku tónlistinni. Hún býr yfir einhverjum léttleikandi dansi sem maður heyrir ekki í íslensku tónlistinni.“

Þær Sólveig og Lenka hafa þekkt um nokkurt skeið og hafa áður komið saman fram á tónleikum. „Ég söng fyrst með Lenku þegar hún var organisti í Fella- og Hólakirkju. Þá komumst við að því að við vinnum vel saman og höfum svipaðan smekk, þannig að ég útiloka ekki að við munum vinna enn meira saman í framtíðinni,“ segir Sólveig.

vigdis@frettabladid.is

Sunginn djass á Norðurlandi

Söngkonan Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir heldur tónleika á Norðurlandi ásamt kvintett annað kvöld og á föstudag. Söngkonan kemur fram í Ketilhúsi á Akureyri á morgun kl. 21.30 og á Gamla Bauk á Húsavík á föstudagskvöld, sömuleiðis kl. 21.30.

Með Guðlaugu leika Ásgeir Ásgeirsson á gítar, Róbert Þórhallsson á bassa, Scott McLemore á trommur og Vignir Þór Stefánsson á píanó. Á efniskránni eru meðal annars lög af nýlega útkomnum geisladisk Guðlaugar „Gentle Rain“ sem hefur hlotið góða dóma gagnrýnenda. Diskurinn hefur að geyma tölulög úr Amerísku söngbókinni og lög eftir höfunda eins Michel LeGrand og Luiz Bonfá. Einnig má finna poppstandarða í djössuðum búningi eftir Lennon og McCartney og Joni Mitchell.

-vp



GUÐLAUG DRÖFN ÓLAFSDÓTTIR Heldur tónleika á Akureyri og á Húsavík á næstu dögum.

Berlin á tjaldi

Sýningar eru nú hafnar á tónleikamynd bandaríska listmálarans og leikstjórans Julians Schnabel frá tónleikum Lou Reed í New York þar sem hann flutti verkið Berlin. Berlin kom út 1973 og fylgdi eftir afar frjósömu tímabili á ferli Reed þar sem út komu á skömmum tíma fyrsta sólplata hans Lou Reed, Transformer og Berlin. Bob Ezrin stýrði upptökum á söngvasveignum sem segir sögu ungra hjóna sem eru að festast í neti neyslu. Safninu var fálega tekið á sínum tíma, var reyndar sagt eitt svartasta verk þessa tímabils, einkum í notkun barnaradda í frásögninni. Á þeim tíma sem platan kom út segist Schnabel hafa átt erfitt og Berlin hafi rímað vel við hugarástand hans. Þeir Reed hafa verið vinir og nágrennar um langt árabíl.



KVIKMYNDIR Lou Reed á tónleikum í Höllinni FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Schnabel myndskreytti verkið sér til skemmtunar, en fálætið sem Berlín mætti hefur leitt til þess að Reed hefur sjaldan flutt lög úr safninu fyrr en hin seinni ár, þótt álit á verkinu hafi aukist jafn og þétt eftir því sem árin liðu og aðdáendur Reed fengu

fjarlægð á efnið. Susan Felman, listrænn stjórnandi Vöruhúss heilagrar Önnu í New York, bauð Reed að flytja verkið í heild sinni og þá kom upp sú hugmynd að kvikmynda flutninginn og sviðsetja hann að hluta. Reed fól Schnabel leikstjórnina. Konsertinn var filmaður með fimm vélum Og fyrr á þessu ári var myndin frumsýnd vestanhafs og er nú tekin að dóla milli landa í Evrópu og er hvarvetna vel tekið. Tíminn hefur unnið með verkinu. Staða fíkniefnaneytenda er öllum ljósari og sú grimmd sem verkið lýsir er öllum kunn. Ekki er vitað til að kvikmynd Schnabel hafi verið keypt hingað til lands, en fyrsta kvikmyndin sem hann leikstýrði var myndin Basqiat sem Sigurjón Sighvatsson framleiddi.

-pbb

Smáritorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / mánudaga til föstudaga 11:00 til 19:00 / laugardaga 10:00 til 18:00 / sunnudaga 12:00 til 18:00

the
PIER

Útsalan
er hafin

20%
til 70%
afsláttur

>SÆKIR Í ALLT GRÆNT

Minnie Driver segist sækja sérstaklega í grænan mat á meðgöngunni. Leikkonan sem komin er átta mánuði á leið segist aðeins hafa lyst á grænum mat og er búin að fylla isskápinn af grænum eplum. Auk þess segist hún sækja í allt annað grænt, svo sem jello, gúrkur, grænar baunir og lime sorbet, en grænu eplin eru þó fyrst í forgangs röðinni.

fólk

folk@frettabladid.is



Trentemöller klifrar vinsældarlista

Nýtt lag Trentemöllers, sem spilar á Tunglinu á föstudagskvöld og í eftirpartíi LungA á laugardagskvöld, skýst hratt upp dans-vinsældalista heimsins. Lagið, sem heitir The White Flash, er endurhljóðblöndun af lagi Modeselektor og skartar Thom Yorke.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Trentemöller byggir á efni annarra en þegar hefur hann endurhljóðblandað lög frá Röyksopp, The Knife og Moby. Trentemöller vann nýlega til verðlauna á tónlistarsífunni Beatport sem besti „chillout“-tónlistarmaðurinn, besti raftónlistarmaðurinn og næstbesti „minimal“-tónlistarmaðurinn. Verðlaunin eru veitt af hlustendum og notendum síðunnar.

Trentemöller hefur áður spilað hérlendis á Airwaves hátíðinni 2007 við góðan orðstír. Með honum á tónleikum verður Kasper Björke, sem hefur unnið með FM Belfast og endurhljóðblandaði efni The Ting Tings sem eru geysivinsælir í Bretlandi um þessar mundir. Tónleikarnir á Tunglinu hefjast klukkan ellefu og kostar 2.500 krónur inn.



SKÝST UPP Trentemöller heitur á dansvinsældalistum.

MYND/ KAREN ROSETZKY



SELJA EKKI Nicole og Keith vilja ekki selja myndir af dóttur sinni dýrum dómum.

Selja ekki myndir af Sunday

Nicole Kidman og eiginmaður hennar, Keith Urban, hafa víst afþakkað öll tilboð um kaupréttinn á fyrstu myndunum af nýfæddri dóttur þeirra, Sunday Rose. Þarið er enn óákveðið um hvort þau birtu yfirhöfuð einhverjar myndir af dóttur sinni, en hafa þó ákveðið að ef þau gera það þá munu myndirnar ekki kosta neitt. „Þau vita enn ekki hvað þeim finnst um málið. Þau átta sig þó á því að það er gríðarlegur áhugi fyrir myndum af Sunday og þau eru þakklát fyrir það,“ sagði heimildarmaður um málið. Angelina Jolie og Brad Pitt gerðu nýverið samning um kaupréttinn á myndum af sínum börnum og mun sú fjárhæð öll fara til líknarmála.


Neitar að sitja fyrir á G-streng

Garðar Thor Cortes situr fyrir svörum í breska tímaritinu OK! Magazine.

Enn skín kastljós breskra fjölmiðla skært á tenórinn ástsæla Garðar Cortes. Fréttablaðið greindi frá viðtali og umfjöllun um Garðar í Hello Magazine fyrir skömmu og nú er það OK! Magazine sem ræðir við Garðar í nýjasta tölublaði sínu. Hann svarar ýmsum spurningum á síðu blaðsins sem heitir „Idol Gossip“.

Ýmislegt forvitnilegt kemur fram meðal annars það að Garðar þolir illa þegar verið er að líkja honum við Pavarotti og Brad Pitt. Honum þykir það svo hallærislegt og vandræðalegt að hann roðnar hreinlega. Þá er Garðar spurður að því, ef þannig vildi til að hann væri þátttakandi í þáttunum „Big Brother“, hvaða frægu einstaklinga hann myndi velja með sér til að vera lokaður inni í húsi. Garðar nefnir sjónvarpsmennina Ant og Dec því þeir komi honum ávallt til að hlæja. Og svo eru það leikarnir Dustin Hoffman og Robert de Niro því hann sé einlægur aðdáandi mynda þeirra og hefði hreint ekkert á móti því að ræða við þá um starf leikarans.

Og svo enn sé gluggað í hið ágæta spjall sem blaðið á við Garðar þá er hann beðinn um að velja milli söngkvennanna Amy Winehouse, Mariah Carey og Leona Lewis ef það væri inni í



ÍTARLEGT VIÐTAL Í OK! Garðar Thor Cortes situr fyrir svörum í breska tímaritinu OK!. Þar kemur fram að hann er orðinn leiður á að vera líkt við Brad Pitt og Pavarotti.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



GARÐAR CORTES Enn skín kastljós breskra fjölmiðla skært á Garðar Cortes og nú er það OK! Magazine.

myndinni að syngja dúett með einhverri þeirra. Þessi spurning vefst fyrir Garðari, hann segir þær allar frábærar söngkonur en líklega yrði Lewis fyrir valinu. Hún sé svo góð að hún hefði hæglega getað haslað sér völl á klassíska sviðinu.

Og blaðamaður OK! fer um víðan völl. Þannig er Garðar spurður hvort ekki megi búast við því að hann fari að birtast á myndum fáklæddur líkt og David Beckham. Garðar, sem ávallt er hóg-

værðin uppmáluð og landi sínu til sóma, segir það afskaplega ólíklegt. Menntu að líta til þess að Beckham sé fyrst og fremst knattspyrnumaður, frábær sem slíkur og stórkostlegur í sínum aukaspjrum. Hitt sem fylgi, einkum í Ameríku, sé partur af iðnaði og komi getu Beckhams sem knattspyrnuhettju ekki við. En, nei, fólk skuli ekki búast við því að hann, Garðar Cortes, muni birtast á ljósmyndum á G-strengnum einum fata.

jakob@frettabladid.is

Ólétt aftur

Menn hafa verið duglegir við að skrifa um kannski-ólétta leikkonunnar Jennifer Garner undanfarið. Mönnum þar vestra finnst leikkonan eitthvað vera farin að bæta á sig og halda margir að hún sé ólétt að sínu öðru barni.

Leikkonan á fyrir dótturina Violet með manni sínum, Ben Affleck. Tímaritið National Enquirer heldur því fram að Jennifer sé komin á fjórða mánuð og sé nú þegar búin að tilkynna sínum nánustu um óléttuna.



Hitað upp fyrir danshátíð

„Við erum að hita upp fyrir danshátíðina Global Gathering,“ segir Kristinn Bjarnason hjá Flex Music. Plötusnúðurinn Adam Freeland mun spila á Nasa næstkomandi laugardagskvöld á vegum Flex music. Hópur Íslendinga er á leið til Stratford í Bretlandi á danshátíðina Global Gathering þann 25. júlí og vildi Kristinn koma fólki í rétta girinn hér heima áður en flögdi er utan.

Adam Freeland er að sögn Kristins rokkútgáfa af næturklubbaskífupeyti. Hann hefur endurgert lög með Nirvana, Doors, Prodigy og Marilyn Manson svo eitthvað sé nefnt. „Þetta er rosalega flottur DJ, í raun plötusnúðaútgáfan af Justice og Daft Punk,“ segir Kristinn en Adam hefur spilað hér á landi þrisvar við góðar undirtektir. Forsala aðgöngumíða fer fram í versluninni Mohawks á Lauga-vegi.

KRISTINN BJARNASON



Sprenging frá Ham

Rokkhátíðin Eistnaflug var haldin á Egilsbúð, Neskaupsstað, seinustu helgi. Þar komu fram margar af þyngri rokksvæitum landsins, þ. á m. Innvortis, Æla, Brain Police, Severed Crotch, Ask the Slave, Mammút, Sólstafir og HAM. Stefán Magnússon, stofnandi og tónleikahaldari, segir hátíðina hafa farið vel fram, þrátt fyrir tals-



BRJÁLAD PARTY. Mikið af fólki var á Eistnaflugi í ár. MYND/GUÐNÝ

verða drykkju. „Þetta var bara rosalegt. Fullt af fólki og svakalegt partí. Maður er enn að vakna eftir þetta. Hjá HAM var troðið hús og algjör sprenging. Þeir voru frábærir og allir í skýjunum. Annars voru margar hljómsveitir að gera rosalega hluti. Brain Police-tónleikarnir voru frábærir, skítur ... það voru svo margar hljómsveitir að gera frábæra hluti. Ekki bara mæta og detta í það heldur að negla tónleikana.“ Stefán segir það stundum loða við, en 18 ára aldurstakmark er á hátíðina. „Þetta er eiginlega bara party. Svona árshátíðin hjá þessu rokkaraliði. En mér sýnist þetta hafa komið mjög vel út og ef það er staðan þá tökum við fimm ára afmæli næst.“



AÐDÁENDUR. Kalla mætti Eistnaflug árshátíð rokkara. MYND/GUÐNÝ

Miður sín yfir Ronnie

Rokkarinn Ronnie Wood hefur nú snúið heim til Englands á ný eftir að hafa eytt tveimur vikum á sveitasetri sínu á Írlandi ásamt tvítugri stúlku að nafni Ekaterina. Ronnie hefur verið kvæntur Jo Wood í tuttugu og þrjú ár og hefur hjónabandið ætíð þótt standa traustum fótum. Samkvæmt dagblaðinu The Sun á Ronnie að hafa sagt hinni tvítugu Ekaterinu að hjónabandi hans hefði í raun verið lokið í mörg ár þótt hann og eigin-konan Jo búi enn saman.

„Ekaterina hefur kolfallið fyrir Ronnie. Þetta er í fyrsta sinn sem hún hefur haft svona sterkar tilfinningar til manns og hún segir að þau séu eins og hvert annað ástfangið par,“ sagði vinur Ekaterinu við The Sun. Fullorðin börn Ronnies hafa ákveðið að ræða ekki við föður sinn fyrr en hann hefur



RONNIE WOOD Hefur eytt síðustu dögum á Írlandi í faðmi tvítugrar stúlku.

farið í meðferð og eru miður sín yfir framferð rokkarans. „Þau ætla ekki að tala við Ronnie fyrr en hann hefur farið í meðferð. Þau standa þétt við bakið á móður sinni á þessum erfiðu tímum,“ sagði fjölskylduvinur um málið. Það eru 41 ár á milli Ronnies og Ekaterinu og því þykir málið allt hið undarlegasta.

DAGVAKTIN

HEFST Í SEPTEMBER

KYNNTU ÞÉR
VETRARDAGSKRÁ
STÖÐVAR 2 Á
STOD2.IS



skemmtilegri

NÝTT Í BÍÓ!



AD BJARGA HEIMINUM ER HELJARINNARVINNA!

PAU KOMU LANGI UTAN UR GEIMNUM I FULLKOMNU DAGARGEVI!

PAÐ ER HELLI HEIMUR INNI I HONUM SEM HELDUR HONUM GANGANDI!

HAGKAUP

HANCOCK

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 564 0000

HELLBOY 2	kl. 5.30D - 8D - 10.30D	12
MAMMA MIA	kl. 5.30D - 8D - 10.30D	
MAMMA MIA LUXUS	kl. 5.30D - 8D - 10.30D	
MEET DAVE	kl. 3.45 - 8 - 10.10	7
HANCOCK D HJÓÐ & MYND	kl. 5.50 - 8 - 10.10	12
KUNG FU PANDA ISL. TAL	kl. 3.45 - 5.50	

REGNBÓGINN Sími 551 9000 **650 kr.**

SUMARTILBOÐ

HANCOCK	kl. 6 - 8 - 10	12
MEET DAVE	kl. 6.10 - 8.30 - 10.40	7
BIG STAN	kl. 5.40 - 8 - 10.20	12
THE INCREDIBLE HULK	kl. 5.30 - 8 - 10.20	12

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919

HELLBOY 2	kl. 6 - 8.30 - 10.50	12
MAMMA MIA	kl. 6 - 8.30 - 10.50	
HANCOCK	kl. 10	12
KUNG FU PANDA EINSKT TAL	kl. 6 - 8	
SEX AND THE CITY	kl. 6 - 9	14

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍODIÐ Á **mid.is**

FÆRÐ 5% ENDURGREIÐT EF ÞÚ BORGAR BÍODIÐ Á **mid.is** MEÐ KREDITKORTI

Jónína Ben gestur Stormskers

„Já, þetta gæti orðið virkilega skrautlegt. Hún er skrautleg. Virkilega skemmtileg.“ segir Sverrir Stormsker, útvarpsmaður með meiru.

Miðjan er útvarpsþáttur á útvarpi Sögu – alltaf á miðvikudögum, í umsjá Sverris, hins eina sanna sem dregur ekki af sér í spurningunum til viðmælenda sinna. Og útvarpshlustendur ættu að spennu beltin í dag því þá er það engin geðluðra sem sest í hljóðstúdíó til Sverris en þátturinn hefst klukkan fjögur.

„Á morgun verð ég með kerlingu sem hefur núll álit á Útvarpi Sögu. Jónínu Benediktsdóttur. Sem ég kalla stundum Ljónynju Benediktsdóttur. Virkilega sklegg dama – vægast sagt,“ segir Sverrir og fer ekki í graf-götur með að hann hlakkar mikið til að hitta Jónínu. Og lofar flugeldasýningu. Hann segir

Jónínu og útvarpsstjórnarni Arnþróði Karlsdóttur hafa eldað grátt silfur saman. Þær voru vinkonur og svo slettist upp á vinskapið. „Slettist upp á vinskapið,“ segir orðaleikjasenið Sverrir. „Þær hafa verið að senda hvor annarri nokkrar skítugar samlokur. Rennandi blautar sómasamlokur. Hún mun örugglega láta vaða. Eg hlakka til að heyrja í henni.“

Sverrir segir að komið verði víða við í þessu spjalli hans og Jónínu. Telur varla hægt annað en koma eitthvað inn á Baugsmálið. En svo er bara að sjá til.



SVERRIR STORMSKER Orðhákurinn á Sögu fær til sín Jónínu Ben og býst fastlega við því að hún muni láta vaða.



-jbg

JÓNÍNA BENEDIKTSDÓTTIR Ekki hefur verið kært milli hennar og útvarpsstjórnans og því sætir tíðindum að hún sé á leið á Sögu í útvarpsviðtal.

Nýr Laugavegur á Myspace

Seinasta árið hefur verslunum með fót og skart skotið upp eins og gorkúlum á Myspace. Þar má í raun finna hátt í hálfan Laugaveg af búðum, eins ólíkum innbyrðis og þeim sem þar starfa. Eitt eiga þær þó sameiginlegt: allar vörur eru fyrir konur.

Oni
Oni var lengi verslun á Laugaveginum. Nú er verslunin aðeins til á netinu, en þar má finna skart og og látlaus en sjarmrandi fót. Allar vörur koma frá New York og er hver flik aðeins pöntuð í tveim stærðum. Öll verð eru fóst. myspace.com/onispace



AF LAUGAVEGINUM Á NETIÐ. Hjá Oni má finna hversdagslegan en finan fatnað.

*** Time to shop ***
Hér má finna bland í poka, notað og nýtt, skó, kjóla, fylgihluti og fleira. Eina einkennið er óreglan og mætti líkja versluninni við Spúútník í gamla daga eða Illgresi. Notað er áberandi, bæði hallærislegir „prom“-kjólar og seiddandi „sixties“-kjólar. myspace.com/timetoshop

Brooklyn Vintage
Brooklyn Vintage er rekin af Mokki, íslenskri stelpu sem er með annan fötinn í Brooklyn. Helsta einkenni þessarar verslunar eru klassískir, gamlir kjólar í stærðum 12-14 (40-42) og almennt er mikill dömubragur yfir vörum. Allir kjólar eru á uppboði en lágmarksverð er fast. myspace.com/brooklynvintage



UPPRUNALEGT. Vintage var frumkvöðull í myspace-verslunahæminum.



FJÖLBREYTT. Mikið úrval er að finna á New and Vintage.

Nai nai
Nai nai sérhæfir sig í skarti, frekar ódýru og gull og steinar eru áberandi. Þá segja þau aðalsmerki þeirra fljóta afgreiðslu á vörum. Öll verð eru mjög sanngjörn en lítið úrval er af kjólum og öðrum fatnaði. myspace.com/nainesances

Glamúr
Verslunin Glamúr er staðsett bæði á Laugaveginum og á netinu. Á myspace-síðu þeirra má helst finna kvenmannsföt í „goth“-stíl, sem eru samt kvenleg og gamaldags. Svart, hvítt, rautt og blátt er áberandi og er mesta úrvalið af kjólum. myspace.com/glamur



ÖÐRUVÍSI. Föt fyrir kjarnakonur hjá Glamúr.

Vintage Iceland

Hið alræmda upphaf íslenskra uppboðsídna á netinu. Nú orðið að alvöru búð á Laugaveginum. Helstu vörur eru skór, notaðir sem nýir og er úrvalið talsvert. Systursíða Vintage Iceland er myspace.com/vintage_icealand_clothing en þar má nálgast fót og skart. Vintage sérhæfir sig í vörum sem líta út fyrir að vera gamlar en eru ekki notaðar. myspace.com/vintage_icealand

Miss Patty's Duo.

Rekið af systrunum Lilju Dröfn og Lenu Dögg, sem báðar eru útskrifaðar af Handmenntabraut FB. Lilja er skóhönnuður, útskrifuð frá London Institute en Lena er kennari, með próf í textílmennt. Miss Patty's Duo sérhæfir sig í hönnun og „vintage“ auk „second-hand“ fata. Af hönnuðum ber helst að nefna Tyrntu, Daggardropa og Lovely Do-Over Dresses, en allar hannaðar flíkur eru einstakar og eru frumlegar leggingar hvað mest áberandi. myspace.com/miss-pattys



ENDURGERÐ. Lilja Dröfn, skóhönnuður, selur breytta skó og leggingar á Miss Patty's.

New and vintage

Eins og nafnið gefur til kynna er hér um blöndu af nýju og gömlu að ræða, þar sem gamalt er selt á uppboði en nýtt á föstu verði. Þar má helst finna djammfatnað, glimmer og glans, sterka litir í bland við svart og hvítt. Einnig er mikið af skóm, léttum kápum, hettupeysum, háum buxum og bolum. Mætti segja að eitt mesta úrvalið á myspace sé hér. myspace.com/new_and_vintage

Material Girl

Á þessari síðu er boðið upp á eftirlíkingar af hátískutöskum, líkt og Chanel, Luis Vuitton, Gucci og fleirum, fyrir þá sem ekki eiga fyrir merkjavörurni sjálfri. Eins eru boðnar Victoria's Secret snyrtivörur, sem tvær saman kosta 3.000 krónur. Fast verð er á töskunum. myspace.com/love-4vintage

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



LAUGARÁS BÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

HELLBOY 2 - DIGITAL	kl. 5.50, 8-D og 10.10-POWER	12
MAMMA MIA - DIGITAL	kl. 3.40, 5.50-D, 8 og 10.10	L
HANCOCK	kl. 8 og 10	12
KUNG FU PANDA - DIGITAL	kl. 4-D - Íslenskt tal	L
NARNIA: PRINCE CASPIAN	kl. 5	7

SAMBÍÓ SAMBIO.is



SAMBÍÓ ALFABAKKA

MAMMA MIA	kl. 3:40 - 5:40D - 8D - 10:20D	L
MAMMA MIA	kl. 5:40 - 8 - 10:20	VIP
DECEPTION	kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:20	14
KUNG FU PANDA	kl. 3:40D - 6	L
KUNG FU PANDA	kl. 4 - 6 - 8 - 10:10	L
HANCOCK	kl. 8 - 10:20	12
WANTED	kl. 8 - 10:20	16
NARNIA 2	kl. 5	7

SAMBÍÓ KEFLAVÍK

HELLBOY 2	kl. 8 - 10:20	12
MAMMA MIA	kl. 8	L
WANTED	kl. 10:20	12

SAMBÍÓ KEFLAVÍK

HELLBOY 2	kl. 8 - 10:20	12
MAMMA MIA	kl. 8	L
BIG STAN	kl. 10:20	12

FORSALA HAFNI!

Keppa við Innipúkann

Skemmtistaðurinn Organ heldur upp á eins árs afmæli sitt um verslunarmannahelgina. Boðið verður til þriggja daga veislu með mismunandi tónlistarstílum hvert kvöld. Á föstudagskvöldi verður rokkið í fyrir-rúmi, á laugardegnum blanda af því sem Gylfi Blöndal, umsjónarmaður, kallar „hressari tónlist“, raftónlist og annað. Á sunnudeginum verður hins vegar tekið því rólega með lágstemmdari listamönnum. Margar af helstu hljómsveitum landsins hafa þegar bókað tónleika. Þar má nefna Jeff Who?, sem hafa ekkert spilað lengi, Mínus, Diktu, Skáta, Jan Mayen, DLX ATX, Ælu, Evil Madness, Bjartmar Guðlaugsson, My Summer as a Salvation Soldier og Diversion sessions. Dagskráin er enn í mótun og munu fleiri bætast í þennan fríða flokk. Rukkað verður fyrir hvern dag fyrir sig, litlar 1000 krónur fyrir kvöldið. Auk tónlistarveislunnar verður borin fram afmælisbaka á föstudeginum, grillað alla daga og búast má við óvæntum uppákomum í portinu. Það er því ljóst að Innipúkanum verður veitt samkeppni í ár.

-kbs



LIFANDI Organ hefur verið leiðandi í tónleikahaldi frá opnun. MYND/ORGAN

Dóttir Stings ofur-ölvi í London

Coco, unglingsdóttir söngvarans Stings, komst í fréttirnar fyrir stuttu vegna sambands síns við rugludallinn Pete Doherty. Um helgina mætti svo Coco í veislu í London þar sem hún drakk og skemmti sér hið besta ásamt stjórnnum á borð við Mark Ronson og fyrirsætunni Daisy Lowe. Coco, sem er langt undir lögaldri til drykkju, varð fljótt ofurölvi og átti bágð með að halda jafnvægi og studdist því við vinkonu sína Pixie Geldolf allt kvöldið.



LOKSINS Plata Groundfloor hefur verið lengi í gerjun. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

Fagna útgáfu í kvöld

Útgáfutónleikar Groundfloor eru á Organ í kvöld, en plata þeirra, Bones, er gefin út samtímis hér og í Austurríki. Annar stofnandi hljómsveitarinnar, Haraldur Ægir, er í tónlistarnámi þar ásamt konu sinni, Hörpu, sem einnig syngur í bandinu. Bones hefur verið lengi í gerjun en hún var tekin upp í Gróðurhúsinu 2004. „Við tókum hana upp og svo fór hún að velkjast um í samningaviðræðum, bæði hérna heima og úti. Við vildum skoða alla möguleika en svo tók þetta allt svo langan tíma og margt reyndist innantóm loforð.“ sagði Ólafur Tómas Guðbjartsson, hinn stofnandi Groundfloor, en hann spilar á gítar og syngur. Hljómsveitin gefur út sjálf. „Við ákváðum að gefa skít í plötufyrirtækin, þetta gekk allt svo hægt og var illa borgað.“ Ólafur lýsir tónlist þeirra sem mikilli „melankólíu“ í bland við fönk og djass, en hljómsveitin er talsvert lágstemmd. Frítt er inn á tónleikana í kvöld, en þeir hefjast klukkan níu.

-kbs

Hermir eftir Victoriu Beckham

Aðþrengda eiginkonan Eva Longoria skartaði nýrri hárgreiðslu á dögnum. Longoria sem hefur mikið hangið með Victoriu Beckham upp á síðkastið hefur nú fengið sér alveg eins hárgreiðslu og Kryddþían. Svo virðist sem að Victoria hafi haft mikil áhrif á tískuna hjá stjórnunum þar vestra því önnur

vinkona Victoriu, Katie Holmes, hefur gjörbreytt fatastíl sínum eftir að hún kynntist Victoriu og skartar einnig sömu hárgreiðslu og hún. Það er spurning hvort þetta verði heitasta greiðslan í sumar?



Fáðu ferskar íþróttafréttir á hverjum morgni



Fréttablaðið stendur vaktina á hverju kvöldi – líka á laugardögum. Þannig færur þú nýjustu úrslitin og staðgóða umfjöllun á morgunverðarborðið hvern einasta morgun.*

*Sunnudagsútgáfa Morgunblaðsins er prentuð á laugardegi áður en íþróttáúrlit dagsins liggja fyrir og 24 stundir koma hvorki út á sunnudögum né mánudögum. Auk þess fara 24 stundir í prentun aðra daga áður en íþróttaleikjum kvöldsins er lokið. Fréttablaðið er eina dagblaðið sem færir þér ferskar íþróttafréttir alla morgna vikunnar, líka á sunnudögum.



Allt sem þú þarft – alla daga

> Atvik umferðarinnar

Ólafur Helgi Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, var í viðtali við Stöð 2 sport eftir Kópavogsslaginn þegar aðdáandi HK lét fána félagsins skyggja á andlit þjálfarans sem brást reiður við og ýtti fánanum frá sér með látum.

> Ummæli umferðarinnar

Guðjóni Þórðarsyni vefst sjaldan tunga um tönn í viðtölum og hann var fljótur að svara blaðamanni Fréttablaðsins sem spurði þjálfarann hvort hann hefði eitthvað ihugað stöðu sína. „Hefur þú ihugað þína stöðu sem blaðamaður, hvernig er hún?“ sagði Guðjón og hélt áfram: „Mín staða er fin og mér líður ágætlega.“

sport
sport@frettabladid.is



11. UMFERÐ LANDSBANKAÐEILDAR KARLA: HK OG ÍA Í ENN VERRI MÁLUM

Keflvíkingar ýttu FH af toppnum

Ellefta umferðin hófst með Reykjavíkurslag erkifjanda KR og Vals þar sem Íslandsmeistarar Valsmanna bundu endi á fjögurra leikja sigurgöngu KR-inga með 1-2 sigri og urðu enn fremur fyrsta liðið til þess að skora hjá Vesturbæingum í 409 mínútur í deildinni. Framherjinn Björgólfur Takfusa hjá KR lét það þó ekki stoppa sig í því að skora í sjöunda leiknum í röð í deildinni.

Keflvíkingar sigruðu Framara 0-2 þar sem Þórarinn „bjargvættur“ Kristjánsson stóð undir nafni og skoraði bæði mörkin eftir að hafa komið inn á sem varamaður tíu mínútum fyrir leikslok. Keflvíkingar komumst þar með á topp deildarinnar á skjóli óvænts 1-2 taps FH-inga gegn Fylkismönnum á heimavelli.

Fjölnir stimplaði sig enn frekar inn sem spútniklið sumarsins með 2-0 sigri gegn ÍA en hvorki gengur

né rekur hins vegar hjá lánausum Skagamönnum.

Lengi getur vont versnað eins og staða HK ber glögglega merki um en liðið tapaði Kópavogsslagnum gegn sprækum Blikum, 1-2.

Grindvík var nálægt því að landa sínum fyrsta heimasigri í deildinni en Þróttur jafnaði í blálokin og þar vó sat.



TÖLURNAR TALA

Flest skot: 21, Breiðablik
Flest skot á mark: 12, Breiðablik
Fæst skot: 3, Fram
Hæsta meðaleink.: 7,33 Fjölnir
Lægsta meðaleink.: 3,83 HK
Grófasti liðið: 19 brot, Val og FH
Þrúðasta liðið: 9 brot, Kef. og Fjö.
Flestir áhorf.: KR-Valur, 3.158
Flestir áhorf.: Gri.-Þróttur., 744
Áhorfendur alls: 8.510

> **Besti dómariinn:** Tveir dómara fengu átta í einkun en það voru nýliðarnir Valgeir Valgeirsson og Þóroddur Hjaltalín. Jóhannes Valgeirsson fékk hins vegar hæstu einkunnina eða níu fyrir viðureign KR og Vals á KR-vellinum.

Forréttindi að spila við hlið Arnars

Blikinn ungi Guðmundur Kristjánsson hefur leikið vel með Kópavogslíðinu undanfarið og myndað skemmtilegt miðjupar með reynsluboltanum Arnari Grétarssyni. Guðmundur átti góðan leik í Kópavogsslagnum gegn HK og er fyrir vikið leikmaður 11. umferðar Landsbankadeildar hjá Fréttablaðinu.

FÓTBOLTI Breiðablik hefur verið á finni siglingu í Landsbankadeildinni undanfarið þar sem nokkrir af yngri leikmönnum liðsins hafa vakið sérstaka athygli fyrir vasklega framgöngu. Hinn 19 ára miðjumaður Guðmundur Kristjánsson er einn þeirra.

„Þetta er bara búið að vera fínt. Ég var ekki með í upphafi mótis og fór þá í lán til Hauka í 1. deildinni. Þar fékk ég nokkra leiki og kom mér í leikform sem hefur síðan nýst mér vel eftir að ég sneri aftur til Blikanna,“ sagði Guðmundur sem var í eldílunni gegn HK í Kópavogsslagnum í fyrirakvöld sem Blikarnir unnu að lokum 2-1.

„Ég skal játa það að manni líður kannski hálfilla að sjá HK í þeirri stöðu sem þeir eru komnir í en það breytir því ekki að það er mjög gaman að vinna HK. Mér fannst við hefðum samt átt að klára leikinn fyrr og mér finnst ég persónulega eiga að geta gert betur,“ sagði Guðmundur sem er ánægður með spilamennsku Blikanna í síðustu leikjum.

„Við höfum fundið smá stöðugleika undanfarið eftir erfiða byrjun í upphafi mótis og það er bara mjög jákvætt. Ólafur þjálfari hefur verið óhræddur við að gefa yngri leikmönnum tækifæri og ég kvarta alla vega ekki yfir því. Þetta virðist bara vera að virka og liðið er að spila betur saman bæði í vörn og sókn eftir að við ungu strákarnir komum inn í dæmið,“



FNILEGUR Guðmundur Kristjánsson hefur slegið í gegn með Breiðablik í Landsbankadeildinni og virðist ná vel saman með reynsluboltanum Arnari Grétarssyni á miðjunni.

sagði Guðmundur sem kvað ungu strákana þó vissulega njóta góðs af áhrifum frá og leiðsögn reynslu-

meiri leikmanna liðsins. „Ég er náttúrulega að spila við hliðina á Arnari Grétarssyni og

hann er bæði reynslumikill og alveg hrikalega góður og ég get ekki beðið um betri mann mér við hlið. Hann er alltaf að tala við mig og hjálpa mér inni á vellinum og það eru algjör forréttindi að spila með hann sér við hlið, þó svo að hann sé orðinn gamall og það sé farið að stytast í hjólastólinn hjá honum,“ sagði Guðmundur glettinn, en hann kvað samstöðuna innan Blikaliðsins vera mikla og spila inn í árangur liðsins í síðustu leikjum.

Góður liðsandi

„Andinn er búinn að vera mjög góður innan liðsins og við þekkjumst vel og erum allir góðir félagar. Það eru náttúrulega ýmis veldmál í gangi eins og gengur og þjálfararteymið þurfti til að mynda að synda í sjónum í Nauthólsvíkinni eftir að við náðum góðum úrslitum í nokkrum deildarleikjum í röð. Ef við hefðum tapað leiknum á móti HK hefðum við leikmennirnir þurft að taka sundsprett. Þetta eykur náttúrulega á stemninguna og pressuna á að vinna leiki og standa sig vel og er ekkert nema jákvætt. En þar sem við unnum leikinn gegn HK þá má Ólafur þjálfari nú ekki raka yfirvaraskegg sitt þangað til við töpum. Mottan er orðin ansi myndarleg en ég veit samt ekki alveg hvort þetta sé að gera sig fyrir hann,“ sagði Guðmundur á létum nóttum.

omar@frettabladid.is

Valur sýndi Prince áhuga: Treystu sér ekki í launapakkann

FÓTBOLTI Börkur Edvardsson staðfesti í gær að Valur hefði spurð óformlega fyrir um Prince Rajcomar, leikmann Breiðabliks. „Við athuguðum stöðuna, til að mynda af hverju hann væri ekki að spila. En þetta var ekkert formlegt og við treystum okkur heldur ekki í launapakkann hans, sem er myndarlegur,“ sagði Börkur sem kvað Valsmenn alltaf opna fyrir góðum leikmönnum.

Valur seldi Pálma Rafn Pálmason til Stabæk í gær og Birki Má Sævarsson til Brann, en samdi nýverið við Henrik Eggerts sem kom frá Fram. - hph

Kvennamót í golfi á Kiðjabergi
Gullmót Hansínu Jens

Gullmót Hansínu Jens, í samstarfi við Dýrfinnu Torfadóttur og Ófeig Björnsson, verður haldið að Kiðjabergi 19. júlí 2008

- Í verðlaun eru glæsilegir vinningar úr smíðjum Hansínu Jens, Dýrfinnu Torfadóttur og Ófeigs Björnssonar
- Veitt verða verðlaun fyrir 1.-5. sæti með forgj. og fyrir besta skor án forgj. Ekki er hægt að vinna bæði 1. verðlaun án forgjafar og með forgjöf
- Náandarverðlaun á öllum þar 3 holum og lengsta teighögg á 11. braut
- Dreigið úr skorkortum í mótslok
- Mótið er punktamót, hæst gefið forgjöf 28
- Ræst verður út af öllum teigum kl. 10:30, mæting 9.30
- Mótsgjald, 4.000 kr., innifalið súpa og brauð að leik loknum

Skráning fer fram á golf.is

GOLFKLÚBBUR KIÐJABERGS



Rúnar Páll Sigmundsson tók í gær boði HK um að stýra liðinu út sumarið:

Tek við góðu búi af Gunnari

FÓTBOLTI Í gær var staðfest að Rúnar Páll Sigmundsson mun stýra HK út yfirstandandi tímabil í Landsbankadeild karla, en Rúnar Páll var áður aðstoðarþjálfari liðsins og tók við stjórnartaumunum tímabundið eftir að Gunnari Guðmundssyni var vikið úr starfi.

„Ég hlakka bara til og er ánægður með að hafa fengið traustið frá stjórn félagsins til þess að halda áfram. HK er með frábæra stráka og líklega bestu aðstöðu á landinu og það er ekki hægt að segja nei við því,“ sagði Rúnar Páll sem stýrði HK-ingum í sínum fyrsta leik sem aðalþjálfari liðsins í Kópavogsslag gegn Breiðablik í fyrirakvöld. Blikarnir fóru sem kunnugt er með 2-1 sigur af hólmi en Rúnar kvaðst þó hafa séð eitt og annað jákvætt í leik HK-liðsins þrátt fyrir tapið.

„Ég sá mikið af ljósum punktum í leiknum og það verður bara að byggja ofan á þá auk þess að vinna í þeim punktum sem voru ekki ljósir. Það er annars sterk liðsheilid til staðar hjá HK og strákarnir eru í finu formi það er ljóst að ég er að taka við góðu búi frá Gunnari Guðmundssyni. Það þarf

bara að halda áfram að vinna í ákveðnum hlutum,“ sagði Rúnar Páll sem kvað varnarleikinn þar vera eftan á blaði.

„Varnarleikurinn hefur ekki verið í lagi hjá okkur, það segir sig sjálf ef horft er á stigatöfluna og við erum þrátt fyrir það með besta markmanninn í deildinni. Við þurfum líka að sjá til þess að andlegi þátturinn sé á hreinu og að menn mæti tilbúnir í bæði æfingar og leiki. Það verður gert þessa ellefu leiki sem eftir eru og það er því enn nóg eftir að mótinu,“ sagði Rúnar Páll hvergi banginn en hann er að læra íþróttfræði við Háskólann í Reykjavík og stefnir á útskrift þaðan næsta vor.

„Þetta starf er náttúrulega bara íþróttfræði út í gegn, þjálffræði, lífeðlisfræði og allur pakkinn og þetta er því mikil áskorun fyrir mig en ég er fullur tilhlökkunar og mjög spenntur,“ sagði Rúnar Páll sem reiknar með því að HK-ingar styrki leikmannahóp sinn fljótlega. Sinisa Kekic verður að öllum líkindum fyrsta viðbótin þar á bæ.

- óþ

SPENNTUR Rúnar Páll Sigmundsson hlakkar til þess að takast á við það krefjandi verkefni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



GLEÐI Embla Sigríður Grétarsdóttir og félagar í KR fagna hér einu af fjórum mörkum liðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Landsbankadeild kvenna:

Valur og KR á sigurbraut

FÓTBOLTI Það er ekkert lát á góðu gengi Vals og KR í Landsbankadeild kvenna. Bæði lið unnu leiki sína í gær og hafa þar með talsvert forskot á næstu lið.

Valur sem fyrr á toppnum með fullt hús stiga en KR fylgir í humátt á eftir en KR hefur aðeins tapað fyrir Val í sumar. - hbg

Landsbankadeild kvenna:

KR-Keflavík	4-0
Hólmfríður Magnúsdóttir, Hrefna Huld Jóhannesdóttir, Katrín Ómarsdóttir, Ólína G. Viðarsdóttir.	
Þór/KA-Valur	1-3
Ivana Ivanovic - Margrét Lára Viðarsdóttir 2, Hallbera Guðný Gísladóttir.	
Breiðablik-Afturelding	3-0
Fannnis Friðriksd., Jóna Hauksd., Sandra Magnús.	
Fylkir-Fjölnir	2-0
Lizzy Karoly, sjálfsmark.	
Stjarnan-HK/Víkingur	4-0
Inga Birna Friðjónsdóttir 2, Björk Gunnarsdóttir, Tinna Mark Antonsdóttir.	

STADAN:

1. Valur	10	10	0	0	41:7	30
2. KR	10	9	0	1	31:6	27
3. Stjarnan	9	5	2	2	19:11	17
4. Breiðablik	9	4	1	4	21:17	13
5. Afturelding	9	3	2	4	5:8	11
6. Þór/KA	9	3	1	5	16:17	10
7. Fylkir	10	3	1	6	11:24	10
8. Keflavík	10	2	2	6	10:29	8
9. HK/Víkingur	10	1	3	6	10:24	6
10. Fjölnir	10	1	2	7	9:30	5

Stabæk borgar í annað sinn tæpar 40 milljónir króna fyrir Íslending:

Pálmi Rafn einn sá dýrasti í sögunni

FÓTBOLTI Norska félagið Stabæk hefur lengi haft augastað á Hús-víkingnum Pálma Rafni Pálma-syni. Í fyrrakvöld komst félagið loksins að samkomulagi við Íslandsmeistarana Vals um kaupverð. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins nemur það tæpum 40 milljónum íslenskra króna.

Lars Bohinen, yfirmaður knattspyrnumála hjá Stabæk, telur kaupverðið sanngjarnt. „Þetta er góður samningur fyrir alla,“ sagði Bohinen sem vildi ekki staðfesta kaupverðið, frekar en Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals. Börkur sagðist þó vera sáttur.

„Við erum sáttir, en maður fær aldrei allt sem maður vill í lífinu,“ sagði Börkur en heimildir Fréttablaðsins herma að Valur hafi viljað 40 milljónir fyrir Pálma.

Inni í samningnum var að Pálmi spilaði ekki með Val í gær gegn BATE þar sem Stabæk spilar í UEFA-keppninni á tímabilinu. Pálmi spilar með Val á laugardaginn gegn Keflavík og heldur svo utan til að ganga frá samningnum sem er til þriggja og hálfis árs. „Það verður væntanlega ekkert vanda-mál, hann er tilbúinn að stærstum hluta,“ sagði Bohinen.

Pálmi er með þessu orð-inn einn dýrasti leikmaðurinn sem keyptur hefur verið frá Íslandi. ÍBV fékk á

bilinu 40 og 50 milljónir króna fyrir Hermann Hreiðarsson þegar hann fór til Crystal Palace árið 1997. Um helming af því fékk ÍBV beint en það græddi svo á því hversu mikið Hermann spilaði.

Marel Baldvinsson kostaði Stabæk mjög nálægt 40 milljónum króna árið 2000 þegar það keypti hann frá Breiðabliki. Kaupverðið var lægra, en var þó nálægt 40 milljónum með öllum bónusgreiðslum. Stabæk hefur því keypt tvo af þremur dýrustu leikmönnum Íslands.

Hólmar Örn Eyjólfsson gekk í raðir West Ham frá HK fyrir skemmstu. Kaupverðið á honum fæst ekki gefið upp en það er talið vera á milli 30 og 40 milljóna króna.

Eiður Smári Guðjohnsen hefur tvívegis farið frá íslensku félagi í atvinnumennsku, fyrst fyrir lítinn pening frá Val til PSV Eindhoven og svo til Bolton frá KR. Hjá KR var hann á frjálsum samningi og því þurfti Bolton ekki að greiða fyrir landsliðsfyrirliðann. Eiður er eftir sem áður dýrasti Íslendingurinn í sögunni eftir að Barcelona borgaði Chelsea 8,2 milljónir punda fyrir hann árið 2006.

Pálmi er uppalinn Hús-víkingur en hann gekk í raðir KA árið 2003 og fór svo til Vals 2006. Hann bætist í stóran hóp Íslendinga til að leika með Stabæk. Auk Veigars, Marels og nú Pálma hafa Helgi Sigurðsson, Tryggvi Guðmundsson og Pétur Hafliði Marteinsson verið á mála hjá



40 MILLJÓN KRÓNA VERÐMIÐI Valur vildi fá 40 milljónir fyrir Pálma Rafn og fékk næstum uppsett verð.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

norska félaginu.

Bohinen segir að félagið vænti mikils af Pálma. „Við vonum að hann muni ná vel saman við Veigar Pál,“ sagði Bohinen sem fékk góð ráð frá Veigari hvað varðar Pálma. „Hann sagði okkur að hann væri góður leikmaður.“

Bohinen segir reynsluna af

Íslendingum vera góða og það sé ekki síst það sem hann og félagið hafa horft til þegar það ákvað að kaupa Pálma. „Íslensku leikmennirnir eru fljótir að aðlagast og ég held að hann muni gera það líka. Hann þarf tíma til að aðlagast eins og allir, og hann fær hann,“ sagði Lars Bohinen. - hþ



STRÍÐIÐ EKKI BÚIÐ Valur tapaði fyrri orrustunni gegn BATE Borisov en Guðmundur Benediktsson segir stríðið ekki búíð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Valur slapp ágætlega frá fyrri leiknum gegn BATE:

Getum unnið heima

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar Vals eiga erfitt, en ekki ófyrstíganlegt, verkefni fyrir höndum á Vodafonevellingum eftir viku í forkeppni Meistaradeildar Evrópu.

Liðið tapaði aðeins með tveim mörkum gegn BATE Borisov í Hvíta-Rússlandi í gær, 2-0. Bæði mörk Rússanna komu seint í leiknum eða á 73. og 78. mínútu. Það var Gennadi Bliznyuk sem skoraði bæði mörk heimamanna.

„Þetta var mjög erfiður leikur en við vörðumst vel. Lögðum upp með að liggja aftarlega, leyfa þeim að leika úti á velli og það

gekk ágætlega enda fengu þeir fá færi. Það var svo algjör óþarfi að fá þessi tvö mörk á sig og fyrra markið var reyndar ólöglegt að okkar mati,“ sagði Guðmundur Benediktsson, framherji Vals.

„Þetta lið var svipað að styrkleika og við bjuggumst við. Þetta er hörkulið en vel hægt að vinna þá á heimavelli. Við getum unnið öll lið á heimavelli og mætum því til leiks nokkuð bjartsýnir,“ sagði Guðmundur en sigurvegari viðureignarinnar mætir Anderlecht í næstu umferð. - hbg

Íslenska landsliðið í körfubolta tapaði aftur stórt:

Batamerki á leik Íslands

KÖRFUBOLTI Ísland tapaði öðrum æfingaleiknum í röð gegn sterku liði Litháen í gær. Fyrri leiknum tapaði Ísland 115-62 en batamerki voru á leik liðsins í gær sem tapaðist 105-67 fyrir framan tíu þúsund áhorfendur.

Lið Litháen er meðal þeirra

sterkustu í heimi og keyrði það yfir íslenska liðið í síðari hálfleik eftir að sá fyrri hafði verið nokkuð jafn.

Logi Gunnarsson skoraði 23 stig fyrir Ísland, Jakob Sigurðarson fjórtán og Sigurður Þorvaldsson tíu. - hþ

KEMPPI SUÐUVÉLAR



Algerlega ómissandi í stór og lítil verk

FastMig KMS400

Öflugur 300-500 amp Mig / pinnasuðuvélar í minni og stærri suðuverk

KempactMig 2530

Lítill og létt, en sterk og örugg 250 amp Migsuðuvél



Við höfum verkfærin **LANDVÉLAR** í stækni

Smiðjuvegi 66 200 Kópavogi Sími 580 5800





> Hugh Grant

„Ég trúir ekki á ást við fyrstu sýn þó að ferill minn sem leikari hafi byggst upp á þeirri hugmynd“. Grant leikur í myndinni „American Dreamz“ sem sýnd er á stöð 2 bíó í kvöld.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON LAUS UNÐAN OKI FRÉTTATÍMA

Að stýra fréttatímumunum sjálfur

Í sumarbertunni lætur margt undan. Kvöldmatartíminn færast til eftir veðri, flyst til frá matarborðinu út á verönd eða út í garð. Jafnvel í kjallaratröppum geta menn fundið skjól í sólinni fyrir kvöldandvaranum. Og enginn nennir lengur að hlusta á fréttatímana. Helst að Gufan nái að hljóma gegnum amstriði. Sjónvarpsfréttirnar víkja fyrir flestu öðru.

Fastir fréttatímar eru að grotna niður í áhorfi. Vefsækinn nútíminn getur leitað uppi fréttir frá mörgum fréttastofum á öllum tímum sólarhrings. Jafnvel bitar eins og íþróttafréttir kvöldfréttar Ríkissjónvarpsins eru feigir. Þeim er betur lætt á net jafnarðan svo dýrmæt samneyslan á mörkum kvölds- og nætur dagskrár geti þjónað fleirum en þeim sem vilja vita um úrslit einhverra leika heima eða

erlendis. Langt er síðan menn sáu að fréttatímar myndu láta undan enda var tilvist þeirra með of löngum fréttum ekki síst til þess fallin að draga sem flesta að tækjunum, en nú eru fréttasýturnar orðnar svo margar að sjónvarpsmenn verða að hugsa sitt að nýju. Sjónvarps- og útvarpsfréttir á einhverjum tiltekn- um föstum tímum eru liðin tíð, á hverfanda hveli og dæmdar til að detta uppþyrir. Ætla menn að gera eitthvað í því? Nýjar venjur heimta önnur vinnubrögð: frétt sem var til kl. 14 og átti að geyma til kvölds fer nú á net.



Heimur versnandi fer? Held ekki. Laust undan þvingun dagskrárstjórnanna getur fólk snúið sér að öðru og þarfara. Jafnvel fengið fréttatflutning af lífi annarra í fjölskyldu og vínahópi. Talað saman.

EKKI MISSA AF

- 18.00 Guess Who STÖÐ 2 BIÓ**
- 20.05 Flipping Out STÖÐ 2**
- 20.30 Special Unit 2 STÖÐ 2 EXTRA**
- 20.50 Úr vöndu að ráða (Miss Guided) SJÓNVARPIÐ**
- 21.00 Britain's Next Top Model SKJÁREINN**

SJÓNVARPIÐ

- 16.00 Út og suður (e)**
- 16.35 Leiðarljós**
- 17.20 Tákn málsfréttir**
- 17.30 Kappflugið í himingimnum (e)**
- 17.55 Alda og Bára**
- 18.00 Disneystundin** Alvöru dreki, Sígildar teiknimyndir og Nýi skólinn keisrarans
- 18.54 Víkingalottó**
- 19.00 Fréttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 19.55 Baldni folinn** (Rough Diamond)
- 20.50 Úr vöndu að ráða** (Miss Guided) (6:7) Gamanþáttaröð um konu sem var skotspönn skólafélaga sinna vegna útlits og óframfærni en snýr aftur sem námsráðgjafi.
- 21.10 Heimkoman** (October Road) (3:6) Bandarísk þáttaröð um ungan skáldsagnhöfund sem snýr aftur í heimahagana til að styrkja böndin við vini og vandamenn.
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.25 Konur í Zanskar** (Becoming a Woman in Zanskar) Margverðlaunuð frönsk heimildamynd um tvær vinkonur í konungsríkinu Zanskar í norðanverðum Himalajafjöllum. Önnur er gefin manni sem hún hefur aldrei hitt en hin kys að verða nunna til að forðast sömu örlög.
- 23.20 Kastljós (e)**
- 23.40 Dagskrárlök**

BIÓ

- 08.00 Wallace & Gromit. The Curse of the Were-Rabbit**
- 10.00 Guess Who**
- 12.00 American Dreamz**
- 14.00 Pieces of April**
- 16.00 Wallace & Gromit: The Curse of the Were-Rabbit**
- 18.00 Guess Who** Rómantísk gamanmynd með Ashton Kutcher og Bernie Mac í aðalhlutverkum
- 20.00 American Dreamz** Rómantísk gamanmynd með Hugh Grant og Dennis Quaid í aðalhlutverkum.
- 22.00 U.S. Seals 3. Frogmen**
- 00.00 Treed Murray**
- 02.00 Der Untergang** (Downfall)
- 04.30 U.S. Seals 3. Frogmen**
- 06.00 Kicking and Screaming**

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2** Ófurlundurinn Krypto, Hvolpurinn Scooby-Doo og Tommi og Jenni.
- 08.10 Oprah**
- 08.50 Í fínu formi**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 La Fea Más Bella**
- 10.10 Missing** (7:19)
- 11.15 Bandið hans Bubba** (1:12)
- 12.00 Hádegisfréttir**
- 12.30 Neighbours**
- 12.55 Deep Purple**
- 13.50 Derren Brown - Hugabrellur**
- 14.15 Grey's Anatomy** (26:36)
- 15.00 Friends**
- 15.25 Friends**
- 15.55 Skrímslaspiðið** (Yu Gi Oh)
- 16.18 Beyblade**
- 16.43 Tommi og Jenni**
- 17.08 Ruff's Patch**
- 17.18 Tracey McBean**
- 17.28 Bold and the Beautiful**
- 17.53 Neighbours**
- 18.18 Markaðurinn og veður**
- 18.30 Fréttir**
- 18.49 Íþróttir**
- 18.56 Ísland í dag**
- 19.04 Veður**
- 19.15 The Simpsons** (19:22)
- 19.40 Friends** (16:23)
- 20.05 Flipping Out** (6:7) Raunveruleikþættir um Jeff Lewis sem býr einn, rekur sitt eigið fasteignar fyrirtæki og elskar hundana sína meira en mannfólkið.
- 20.50 Cashmere Mafia** (5:7) Þættir um fjórar nánar vinkonur sem búa allar og starfa í New York. Á yfirborðinu virðist líf þeirra fullkomið en einkalífið flækist fyrir þeim.
- 21.35 Medium** (15:16)
- 22.20 Oprah**
- 23.05 Grey's Anatomy** (27:36)
- 23.50 Women's Murder Club** (4:13)
- 00.35 Moonlight** (7:16)
- 01.20 I'll Sleep When I'm Dead**
- 03.00 Crossing Jordan** (3:21)
- 03.45 Flipping Out** (6:7)
- 04.30 Cashmere Mafia** (5:7)
- 05.10 Medium** (15:16)
- 05.55 Fréttir**

SPORT besta sætið

- 18.05 Landsbankamörkin 2008**
- 19.05 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttabáttur þar sem ferðir yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi.
- 19.35 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Ferðir er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
- 20.30 The Science of Golf** Í þessum þætti er ferðir yfir hvernig kylfingar eiga að æfa til að halda sér í góðri þjálfun.
- 21.00 Umhverfis Ísland á 80 höggum** Logi Bergmann Eiðsson fer Umhverfis Ísland á 80 höggum.
- 21.45 Landsbankadeildin 2008** Umferðir 1-11 gerðar upp í Landsbankadeild karla. Íþróttafréttamann Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti.
- 22.45 Meistaradeildin - Gulleikir** Bremen - Anderlecht 8. 12. 1993. Leikur félaganna Werder Bremen og Anderlecht í Evrópukeppni meistaralíða. Fyrirfram var búist með jafni viðureign þar sem varmarleikurinn yrði í hávegum hafður. Annað kom á daginn og mörkunum rignði á Weserstadion í Brimmarborg.
- 22.45 Meistaradeildin (#11) Á** Heims mótaröðinni í póker setjast keppa snjöllustu póker spilarar heimsins um stórar fjárhæðir.

SPORT 2

- 18.05 Premier League World 2008/09** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspýmu sem hefst í ágúst.
- 18.35 Football Icon** Ensukur raunveruleikabáttur þar sem ungir knattspýmumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englandsmeistara Chelsea. Fjórtaán voru valdir til þess að taka þátt í þessum vikulegu þáttum. Einn dettur út í hverjum þætti þar til þrjár eru eftir í lokabættinum. Þá velja Jose Mourinho og starfsmenn hans sigurvegarann sem fær leikmannasamning hjá Chelsea að launum.
- 19.25 Bestu bikarmörkin - Newcastle United** Bikarveisla að hætti Newcastle United en félagið hefur sex sinnum sigrað í keppninni (FA Cup).
- 20.20 10 Bestu - Ásgeir Sigurvinsson** Áttundi þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspýmumenn Íslandssögunnar.
- 21.10 PL Classic Matches** Newcastle - Leicester, 96/97.
- 21.40 Masters Football** UK Masters cup er vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægán á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 07.15 Rachael Ray (e)**
- 08.00 Dr. Phil (e)**
- 08.45 Dynasty (e)**
- 09.30 Vörutorg**
- 10.30 Óstöðvandi tónlist**
- 16.00 Vörutorg**
- 17.00 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gömsæta rétti.
- 17.45 Dr. Phil** Sjónvarpsálfraeðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólk að leysa vandamál, segir fráberar sögur og gefur góð ráð.
- 18.30 Dynasty** Ein frægasta sjónvarpsrísa allra tíma. Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klæmar þegar þess þarf.
- 19.20 Kid Nation (e)**
- 20.10 Top Chef** (10:12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnelegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu. Kokkamir tólf sem hófu leikinn koma saman á ný og sýnd eru atvik sem ekki hafa sést áður í þáttaröðinni auk þess sem tekin eru viðtöl við keppendur og dómara.
- 21.00 Britain's Next Top Model** (2:12) Brestk raunveruleikasería þar sem leitað er að efnelegum fyrirsætum. Stúlkumar eru sendar á dansnámskeið hjá vinsælum danshöfundi og fá síðan kennslu í hvernig þær eiga að ganga á háum hæðum á tiskusýningu. Þær sjó bestu fá að taka þátt í tiskusýningu. Í myndatökunni fær hver stúlka ákveðið hlutverk og það eru ekki allar sáttar við útkomuna
- 21.50 Call Girls. The Truth** Áhugaverð heimildamynd sem gerð var í kjölfar þáttanna The Secret Diary of a Call Girl sem Skjáreinn hefur sýnt á miðvikudagskvöldum í sumar.
- 22.40 Jay Leno** Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
- 23.30 Eureka (e)**
- 00.20 Dynasty (e)**
- 01.10 Vörutorg**
- 02.10 Óstöðvandi tónlist**

SIÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á klt. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

OMEGA
Dagskrá allan sólarhringinn.



25% AFSLÁTTUR SUMARTILBOÐ

Nicotinel

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.25
Medium

Allison fær draumsýnir sem hjálpa Scanlon að komast að því hver myrti auðugan eiturfjarsala. Allison og Scanlon verða orðlaus þegar draumur Allison leiðir þau til manns sem er með byssukúlu fasta í heilanum.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Call Girls: The Truth
SKJÁREINN KL. 21.50

Áhugaverð heimildarmynd sem gerð var í kjölfar þáttanna The Secret Diary of a Call Girl sem SkjárEinn hefur haft til sýninga. Spurt er hvers vegna, í þjóðfélagi þar sem allir eiga að fá jöfn tækifæri og konur hafa meira frelsi en nokkru sinni fyrr, taka margar konur meðvitaða ákvörðun um að selja líkama sinn.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	15.30 Dr. RÚV
06.50 Bæn	16.00 Síðdegisfréttir
07.30 Fréttayfirlit	16.13 Flækjngur
08.00 Morgunfréttir	17.03 Viðsjá
08.30 Fréttayfirlit	18.00 Kvöldfréttir
09.05 Okkar á milli	18.25 Spegillinn
09.45 Morgunleikfimi	18.50 Dánarfregni og auglýsingar
10.13 Viltu syngja minn söng?	19.00 Á sumarvegi
11.03 Samfélagið í nærmynd	19.40 Tónlist úr þularstofu
12.00 Fréttayfirlit	20.00 Leynifélagið
12.02 Hádegisútvarp	20.30 Tímakorn
12.20 Hádegisfréttir	21.10 Sólarglengur
12.50 Dánarfregni og auglýsingar	22.12 Orð kvöldsins
13.00 Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsl.	22.15 Kvöldsagan: Pan
13.15 Á sumarvegi	22.45 Svörtu sönggyðjumar
14.03 Bravó, bravó!	23.30 Loftbelgur
15.03 Útvarpsagan: Barnið og tíminn	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks

16.30 Hollyoaks

17.00 Seinfeld (21:22)

17.30 Special Unit 2 (7:19)

18.15 Skins (3:9)

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks.

20.00 Seinfeld (21:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

20.30 Special Unit 2 (7:19) Gamansamir bandarískir spennubættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oft en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.

21.15 Skins (3:9) Bresk sería um hóp unglunga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglungum í dag.

22.00 Las Vegas (2:19) Við fylgjumst með lífi og starfi öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyski, fjárglæpamenn og aðrar veikgeðja sálir.

22.45 Traveler (7:8) Tveir skólafélagar standa skyndilega frammi fyrir því að vera eltir af alríkislögreglunni og hafðir fyrir rangri sök um að hafa valdið hryðjuverkasprengu á safni.

23.30 Twenty Four 3 (8:24)

00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Mér finnst ... Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen. Gestir: Björk Jakobsdóttir, Sigríður Klingenberg, Freyja og vinkonur frá Danmörku.

21.00 Vigtarráðgjafarnir 1. þáttur

Umsjón: Kristín V. Óladóttir. Matur, heilsa og hreysti.

21.30 Hvað ertu að hugsa? Umsjón: Guðjón Bergmann. Gestur: Gunnlaugur Briem trommuleikari og lagasmiður.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

11.00 Saras køkken 11.30 DR Explorer: Klimavidin i Indien 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.05 Flight 29 savnes! 13.30 SommerSummerum 15.00 Monster allergi 15.30 Kære Sebastian 15.50 Lisa 16.00 Hjerterum 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Sommervejret 17.05 Hercule Poirot 18.00 Søren Ryge - Mads og Tove i Tim 18.30 Sommerminder 19.00 TV Avisen 19.25 Sommervejret på DR1 19.35 Aftenour 2008 20.00 En sag for Frost 21.40 Onsdags Lotto 21.45 Mistænkt 3 23.30 Seinfeld

NK1

9.55 Dansefot jukeboks 10.55 Ekstremvær jukeboks 12.00 Sport Jukeboks 13.00 Du skal høre nye jukeboks 14.00 Lån meg din kone 15.20 Sydvest 15.50 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Barne-tv 16.10 Gnottene 16.40 Distriksnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Kollektivet i Köping 17.55 Kaoskontroll 18.25 Litt som deg 18.55 Distriksnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.35 Vikinglotto 19.45 House 20.30 I kveld 21.00 Kveldsnytt 21.15 Hva skjedde med Mark? 22.25 Atomspionasje: Spionen fra Moskva 23.15 Du skal høre nye jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Himlen över Danmark 10.35 Mitt i naturen 12.30 A Mighty Wind 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 15.00 Flyttlasset går 15.30 Fantastiska berättelser 16.00 Lilla röda traktorn 16.10 Storasyster och lillebror 16.15 Bosse bogserbåt 16.30 Hej hej sommar 16.31 Planet Sketch 16.50 Det femte väderstrecket 17.00 Blue water high 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Uppdrag granskning - sommarspecial 19.00 Mördare okänd 20.45 Rapport 20.55 Sommartorpet 21.25 Packat & klart sommar 21.55 Baronessan 22.20 Blod, svelt och danska skallar 22.45 Sändningar från SVT24

SIÓVÁ

Saga Capital

UMHVERFIS ÍSLAND
Á 80 HÖGGUM

SEINNI HLUTI Í KVÖLD KL. 21.00



LEGGÐU GÓÐU MÁLEFNI LIÐ

Magnaður þáttur sem sýnir frá því þegar Logi og félagar fóru umhverfis landið og spiluðu 18 holur, eina á hverjum golfvelli, til styrktar MND-félaginu.

Hafðu samband við þjónustuver Vodafone í síma 1414 og leggðu góðu málefni lið eða fáðu nánari upplýsingar um söfnunina.

908 1001 – 1.000 króna framlag
908 1003 – 3.000 króna framlag
908 1005 – 5.000 króna framlag

SPORT
besta sætið

Þegar
„bara einhver ís“
er ekki nóg



**BAKPANKAR**
Karenar D.
Kjartansdóttur

Rostungabánar og evra

Á vinnustað mínum starfar maður sem gefur sig út fyrir að vera mikið karlmenni. Máli sínu til stuðnings gortar hann oft af því að hafa farið í Smuguna, sálgað þar norskum þorski í tonnavis og vaknað í fangaklefum í tveimur löndum. Þá raupar hann oft um að fátt sé skemmtilegra að skjóta en sel, því ekki sé hægt að komast nær því að drepa mann.

VERANDI íhaldssöm, kurteis og glöðlynd ljóska gein ég lengi flissandi við grínaktuga karlmenninu. Ég leit á hann sem sjaldgæft en harðgert afbrigði mannskepnunnar sem ætti að meta að verðleikum. Ekki spillti fyrir að vinnufélaginn er með eldrautt hár og yfirleitt órakaður, þannig að ósjálfrátt varð mér hugsað til Eiríks rauða, bers að ofan í glímu við bjarndýr og rostunga í grænenskum frera fyrir þúsund árum. Þessi tálsýn hélt ólóskað þar til karlinn í krapinu tók sig til og reif hana niður í nokkrum snaggaralegum atrennum. Í vor mætti sá rauði í vinnu með þrútin augu og þrálátan hnerra. Spurdur hvað amaði að svaraði heljarmennið: „Ég er mbeð frjókobnaobnæmi.“ Jæja, forherti smugufarinn þolir ekki gras, hugsaði ég með mér og horfði á karlmennsku hans rýrna með hverri lóritntöflunni sem hann stakk upp í sig. Hins vegar rak ég mig á að undir okkar gulu sól er algengt að ofurmenni séu veiklunduð fyrir því sem grænt er; það er stigs- en ekki eðlismunur á kryptóníti og grasi.

SÁ jarpi launaði mér hins vegar meðvirknina með því að afhjúpa blekkinguna enn frekar. Hann kom í vinnuna á hjóli. Fyrir það fyrsta á maður eins og hann að vera á dælduðum pallbíl, sem eyðir svo miklu bensíni að hann kemst varla á milli bensínstöðva. En ekki nóg með að hann færi ferða sinna eins og kerling með áhyggjur af línunum heldur þurfti hann líka að detta og brjóta á sér höndina á leið í vinnu.

KYNNI mín af rauðhærða rostungabananum gerðu mér grein fyrir því að væntingar mínar um karlmennsku geta verið óraunhæfar. Mér varð hugsað til þess þegar ég flissaði að sveittu gríni Geirs Haarde um að þótt maður gæti ekki alltaf farið með sætustu stelpuna heim af ballinu væri hægt að finna eitthvað sem gerði sama gagn. Ég hef áttað mig á því að hann hefði aldrei lagt í að bjóða sjálfur upp flottasta kostinum af ótta við höfnun. Hins vegar sé ég að kolleggi hans Björn þorir að minnsta kosti að bjóða því flottasta upp í dans þótt hann viti vel að fyrstu danssporin verði ekki stigin alveg strax. Svona svo notað sé líkingamál Geirs.




GÓÐAN DAG!
Í dag er miðvikudagurinn 16. júlí, 199. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 3.45	13.34	23.20
Akureyri 3.01	13.18	23.33

Heimild: Almanak Háskólans

:-) framan í heiminn



ISLENSKA SÁ/IS TOY 48716 0408

Þá smælar heimurinn framan í þig

Við hjá Toyota erum stolt af því að hafa verið hluti af íslensku samfélagi í hartnær 40 ár og hlökkum til að takast á við verkefni morgundagsins, með bros á vör. :-)

TODAY TOMORROW **TOYOTA**Toyota á Íslandi
Nýbýlavegi 2-8
200 Kópavogi
Sími: 570-5070